



Engin félagsleg kulnun í Brú | Bls. 42



Óbyggðirnar heilla í Fljótsdal | Bls. 38

Fréttaveita Sambands stjórnendafélaga | 1. tbl. Nóvember 2019

# STF-tíðindi

## Sambandið á réttri leið

Á þingi Sambands stjórnendafélaga á Hallormstað í maí sl. fóru fram athyglisverðar umræður um störf félaganna, skipulag starfseminnar og hvernig hagsmunir félagsmanna væru best tryggðir til framtíðar.

„Ef við tókum mið af niðurstöðum skoðanakönnunar sem fram fór í lok umræðunnar fyrir austan þá er ljóst að að þingfulltrúar voru almennt ánægðir með þróunina innan STF síðustu árin og töldu 69% þátttakenda að affarasælast væri að halda áfram á sömu braut og nú hefur verið mörkuð,“ segir Ingibjörg Gísladóttir, ráðgjafi og fundalóðs hjá Birki ráðgjöf sem var fengin til að skipuleggja og halda utan um samtalið.

Sjá bls. 30

Halda áfram á  
Sömu braut

Landshlutafélög

Eitt landsfélag með  
Svæðisskrifstofum

# Mikilvægi millistjórnenda í fyrirtækjum



Jóhann Baldursson,  
framkvæmda-  
stjóri STF.

Nú á tímum hagræðingar og kröfu eigenda fyrirtækja um sífellt meiri arðsemi vilja sumir mikilvægir hlutir gleymast. Það á við um gamla góða verkstjórnann sem í dag er millistjórnandi; maðurinn sem stjórnar verkum og heldur hlutunum gangandi. Margir eru á því að hlutverk millistjórnenda skipti sköpum varðandi arðsemi fyrirtækja en því miður er ekki nægur gaumur gefinn um mikilvægi þessarar stéttar og þeir hafa fengð of litla athygli bæði í stjórnendafræðum og umræðunni um hlutverk og skyldur. Þetta þurfa eigendur og ædstu stjórnendur fyrirtækja að gera sér grein fyrir ásamt stjórnendunum sjálfum.

## Nám sem mætir auknum kröfum

Þessi stétt hefur setið eftir í endurmenntun til að tileinka sér framfarir sem eru að hellast yfir okkur eins og fjórða iðnbyltingin. Það hefur verið sýnt með rannsóknum að fólk er ekki fætt sem góðir stjórnendur og eðlilegt að þeir þurfi sérstaka þjálfun þó svo reynsla í starfi vegi þungt. Hún ein og sér dugir ekki til að menn verði góðir stjórnendur. Við þessu hefur Samband stjórnendafélaga (STF) ásamt Samtökum atvinnulífsins (SA) brugðist við og sett á laggirnar 5 lotu stjórnunarnám sem er kennt í 100% fjarnámi í HA og snýr að því að gera stjórnandann hæfari sem stjórnanda og jafnframt að gera fyrirtækið betra. Í þessu námi er tekið á flestöllu sem snertir millistjórnandann. Allir sem hyggja á að verða stjórnendur ættu að skoða þetta nám og hreinlega ætti að vera skylda að taka í það minnsta lotu eitt og tvö til að fá að verða stjórnandi. Til millistjórnenda eru nú gerðar auknar kröfur í þáttöku í stefnumótun, áætlanagerð, breytinga- og árangursstjórnun ásamt eflingu liðsheildar. Mikilvægt er að hlutverk millistjórnenda sé skýrt og að þeir fái tækifæri til að efla sig í starfi í samræmi við það sem ætlast er til af viðkomandi. Ef stjórnandinn heldur ekki vöku sinni og aðlagar sig að auknum kröfum og breytingum, situr hann eftir og úreltist fljótt eins og tölva sem ekki er uppfærð.



Talið er að með því að auka hæfni millistjórnenda megi auka á starfshvatningu starfsfólks, starfsánægju þess og traust til yfirstjórnenda og fyrirtækis sem ekki veitir af í dag þar sem kulnun í starfi er að verða mikið áhyggjuefni og mikil starfsmannavelta. Góður stjórnandi eflir liðsheildina og jafnframt kemur ánægja starfsfólks í framhaldinu sem leiðir af sér framleiðniaukningu og minni starfsmannaveltu. Ímynd út á við verður betri og fyrirtækið þar af leiðandi eftirsóknaverðara.

## Njótum augnabliksins!

Félagar og allir sem koma að fyrirtækjarekstri! Tökum höndum saman og gerum gamla verkstjórnann, sem er millistjórnandi í dag, að þeim turni í fyrirtækinu sem þarf að vera öflugur til að það geta dafnað og þróast áfram og orðið að fyrirmyndar fyrirtæki.

Smá innskot í restina. Það sem kemur mér mest á óvart í mannlegri tilveru er að maðurinn fórnar heilsu sinni til að eignast peninga. Svo fórnar hann peningum til að ná aftur heilsu sinni. Á sama tíma er hann svo spenntur fyrir framtíð sinni að hann nýtur ekki augnabliksins. Afleiðingin er að hann lifir hvorki í nútíð né framtíð. Hann lifir því eins og hann muni aldrei deyja og svo deyr hann án þess að hafa lifað.

Góðar stundi og hafið það gott í náinni framtíð! ■



STF-tíðindi - 69. árgangur, 1. tbl. Nóvember 2019

ISSN 2547-7366

Útgefandi: Samband stjórnendafélaga

Ritstjóri: Skúli Sigurðsson (ábm).

Umsjón, umbrot og auglýsingar:

Ritform ehf.

Prentun:

Litróf

Dreift til félagsmanna aðildarfélaga Sambands stjórnendafélaga og á fjölda vinnustaða um land allt.





# REIKNUM MEÐ FRAMTÍÐINNI

## SÉREIGNARSPARNAÐUR ER KJARABÓT

**Séreignarsparnaður** er viðbót við lögbundinn lífeyrissparnað og er þín eign. Þú ræður hvernig þú ráðstafar honum eftir að þú nærð 60 ára aldri. Séreignarsparnaður erfist að fullu.

Ef þú leggur fyrir 2-4% af launum í **séreignarsparnað** þá bætir launagreiðandi við 2% af launum til viðbótar, sem er í raun launahækkun sem þú fengir annars ekki.

**Séreignarsparnað** má einnig nýta skattfrjálst til húsnæðissparnaðar eða til greiðslu inn á húsnæðislán að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

**KYNNTU ÞÉR MÁLIN Á**  
**BIRTA.IS**



**BIRTA**

LÍFEYRISSJÓÐUR



Gjöfin afhent. Það voru þeir Jón Ólafur Vilhjálmsson, formaður stjórnar Sjúkrasjóðs og Skúli Sigurðsson forseti sem afhentu gjöfina. Við henni tóku þær Guðrún Pétursdóttir, deildarstjóri heilsgæslunnar í Fjarðabyggð og Nína Hrönn Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands.

## Ómskoðunartæki til HSA

Hjá Sambandi stjórnendafélaga hefur löngum verið sú hefð að þegar það heldur sitt sambandsþing þá styrki Sjúkrasjóður sambandsins gott málefni í því byggðarlagi sem þingið er haldið. Heilbrigðisstofnun Austurlands naut styrkjar frá STA í tengslum við þingið á Hallormsstað sl. vor en þá var formlega afhent gjöf til stofnunarinnar upp á 1,2 milljónir króna.

Nína Hrönn Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá HSA, sagði í ávarpi þegar hún tók á móti gjöfinni, að

hún sýndi hug stjórnenda og samtaka þeirra til starfsemi stofnunarinnar. Féð hefur þegar verið nýtt til kaupa á ómskoðunartæki sem er í endurbættri heilsgæslustöð á Reyðarfirði.

Ómskoðunartæki nýtast læknum og hjúkrunarfræðingum vel í þeirra starfi, m.a. til að skoða barnshafandi konur, kanna mjúkvæfi, ástand á þvagblöðru, hjarta o.fl. Slíkt tæki hraðar almennt greiningu sjúkdóma og veitir sjúklingum meira öryggi. ■

### Nýtið afslættina!

Félagsmenn í aðildarfélögum Sambands stjórnendafélaga eiga kost á margvíslegum afsláttum frá fyrirtækjum en allar nánari upplýsingar um þá er að finna á orlofshúsavefnum á heimasíðu sambandsins, [stf.is](http://stf.is).

Afslættirnir eru af ýmsu tagi og skiptast í undirflokkana afþreying og frístundir, billinn, fatnaður, gisting og veitingar, gjafavara og

blóm, heilsan og útlitið og heimilið. Margir aðilar eru með tilboðið 2 fyrir 1 og fjöldamörg fyrirtæki bjóða upp á 5-25% afslátti af vörum sínum og þjónustu. Félagsmenn þurfa að framvísa félagsskírteini og taka fram að um Frímann og/eða Íslandskorts afslætti sé um að ræða.

*Sjá nánar á [stf.is](http://stf.is)*



# Vinnuvélar og fylgihlutir fyrir verktaka

Smágröfur, hjólaskóflur, ýtublöð, vökvaflýgar og aðrir fylgihlutir í úrvali

Kerrur af öllum stærðum og gerðum

**Stema Basic 750**  
**134.900** m.vsk  
Þýsk gæðavara

**Komdu við og skoðaðu**  
Við tökum vel á móti þér

Ásafll ehf.  
Hjallahrauni 2 220 Hafnarfirði  
Sími: 562 3833  
Opíð 8:30 - 17 virka daga  
asafll@asafll.is

 **ÁSAFL**  
asafll.is

# Stafræna námið sigrar heiminn!

**N**ú þegar þessu starfsári er að ljúka og rennt er yfir það helsta sem stendur hvað hæst upp úr, þá er úr vöndu að velja, því í stuttri grein er ekki hægt að tína allt til.

### Umfangmikil kynning

Kynningarverkefni á árinu 2019 hafa verið mjög umfangsmikil. Er fyrst að nefna Markþjálfunardaginn sem haldinn var á Hilton Nordica 24. janúar s.l. en þar var metþátttaka miðað við undanfarin ár. Menntadagur atvinnulífsins var haldinn í Hörpu skömmu síðar eða 14. febrúar en þar var líka metþátttaka og fékk okkar boðskapur frábærar viðtökur. Í fyrsta skipti tókum við þátt í sýningunni Sjávarútvegur 2019 sem haldin var í Laugar-dalshöllinni dagana 25.- 27. september sl. Þar mættu 17.000 gestir að sögn framkvæmdaaðila og er það metþátttaka. Í básnum okkar kynntum við sambandið og aðildarfélagin auk þess sem Símenntunn Háskólans á Akureyri fékk tækifæri til að kynna stjórnendanámið. Básinn okkar var flottur og vakti eftirtekt sem einmitt var tilgangurinn. Mannauðsdagurinn var svo haldinn í Hörpu 4. október s.l. og kom fjöldi gesta að máli við okkur sem þar kynntum starfsemi STF. Að lokum var haldinn Tæknidagur fjölskyldunnar í Neskaupstað 5. október sl. en þessi dagur var haldinn í sjöunda skipti. Aðsóknin var góð en veður hafði þó nokkur áhrif á fjölda gesta. Fulltrúar skrifstofu STF gátu því miður ekki komist austur vegna veðurs en Stjórnendafélag Austurlands stóð vaktina með sóma.

Á þessum kynningum höfum við allt þetta ár notið aðstoðar nokkurra félagsmanna úr nærliggjandi aðildarfélagum og vil ég færa þeim sérstakar þakkir frá sambandinu fyrir aðstoðina. Ekki má gleyma hlut Stefáns Guðnasonar, verkefnastjóra stjórnendanámsins, en hann

hefur verið með okkur á nær öllum viðburðum þar sem STF hefur haft sýningarbás. Hér er búið að tína til nokkra af þeim stóru viðburðum sem STF, aðildarfélagin og HA hafa haft sýningarbása þetta árið.

### Kjarasamningar við SA

Þann 18. júní 2019 var skrifað undir kjarasamning við Samtök atvinnulífsins og gildir hann til 1. nóvember 2022. Helstu launabreytingar næstu árin verða þær að frá og með 1. apríl s.l. hækkuðu grunnlaun á mánuði um 17.000 kr. Þann 1. apríl 2020 hækka grunnlaun svo um 18.000 kr, þann 1. janúar 2021 um 15.750 kr. og 1. janúar 2022 um 17.250 kr. – alltaf miðað við fullt starf.

Samkvæmt þessum samningi er desemberuppbótin í ár 92.000 kr., hún hækkar í 94.000 kr. 2020, fer í 96.000 kr. 2021 og loks í 98.000 kr. árið 2022. Orlofsuppbótin í ár er 50.000 kr., hækkar í 51.000 kr. á næsta ári, fer í 52.000 kr. árið 2021 og í 53.000 kr. árið 2022. Í júní á þessu ári var borguð út sérstök 26.000 kr. eingreiðsla með orlofsuppbót og eftir sömu reglum.

### Nýmæli um hagvaxtarauka

Í þessum kjarasamningi STF og SA er ákvæði um um svokallaðan hagvaxtarauka sem hljómar svo: „Á árunum 2020-2023 komi til framkvæmda launaauki á grundvelli þróunar vergrar landsframleiðslu á hvern íbúa. Útreikningur launaauka byggir á bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands um vísitölu vergrar landsframleiðslu á mann sem birtist í byrjun mars ár hvert fyrir næstliðið ár.“

Skúli Sigurðsson, forseti STF skrifar



Í þessum samningi er einnig að finna ákvæði um kaupukatryggingu vegna launaþróunar. Það gerir ráð fyrir að á árunum 2020-2022 reiknist ár hvert kaup-taxtaauki vegna launaþróunar að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Kjarasamningaviðræður eru enn í biðstöðu við Samband sveitarfélaga, fjármálaráðuneytið, Faxaflóahafnir, Reykjavíkurborg og fleiri aðila. Eins og allir þeir, sem taka laun eftir þessum kjarasamningum vita, þá var greidd út eingreiðsla upp á 100-120 þúsund kr. í ágúst s.l. og hefur ekkert annað gerst hjá þessum samningsaðil-um. Við erum orðin langeygð eftir því að þessir samningsaðilar komi sér saman um framhaldið.

Mennta- og atvinnuálanefnd minnir alla launþega og okkar félagsmenn á að muna eftir að fara reglulega yfir ráðningarsamninga með sínum vinnuveitendum. Af gefnu tilefni er vert að ítreka að ráðningasamningar eru mjög mikilvægir þegar upp koma ágreiningsmál.

### Stafræn menntun á fullri ferð


Stjórnendanámið, sem er stafræn menntun (100% fjar-nám), gengur vel en í lotu 1 eru nú skráðir 24 nemendur. Stjórnendanámið er farið að rúlla eins og bolti þ.e. loturnar koma í tölulegri röð.

Þann 16. ágúst s.l. var haldin útskriftarveisla en þá voru 12 nemendur útskrifaðir úr lotu 5. Við þessi tímamót voru haldnar nokkrar ræður og vil ég þar nefna að einn af frumkvöðlum þessa náms, Ingólfur Sverrisson, hélt erindi um uppruna námsins og hvers vegna farið var í að skrifa þetta metnaðarfulla nám fyrir stjórnendur. Er erindi Ingólfs birt annars staðar í blaðinu. Þá hélt fulltrúi kennara, Steinunn Ketilsdóttir, ávarp og í ræðu hennar kom fram að kennarahópurinn væri mjög ánægður með útfærsluna á þessari námstilhögun. Fulltrúi nemenda, Arnar Ingi Lúðvíksson sagði nokkur orð og það yljaði okkur, sem höfum haft veg og vanda af stjórn-endanáminu, að heyra fulltrúa nemenda tala svona hlý-lega og vel um stjórnendanámið og hvernig að því er staðið. Stefán Guðnason, verkefnastjóri stjórnendanáms- ins afhenti prófskirteini og sagði við það tækifæri að nú væri loksins komin viðurkenning á að stjórnendanámið væri einingarbært nám. Þegar nemendur hafa lokið öllum lotum þá gefur það 30 ECTS einingar og Diploma. Það er stórt framfaraskref að fá námið metið til eininga. Stjórnendanámið vegur stórt hlutverk í menntunartæki- færum félagsmanna aðildarfélaga innan STF og við bindum miklar vonir um að með þessari stafrænu fræðslu þá sigrum við heiminn!

Að lokum óska ég öllum gleðilegra jóla og farsældar á næsta ári. ■

# Ég lifði af

Skjót fyrstahjálp, hjartahnoð og hjartastuðtæki björguðu lífi mínu.



 Ný vefverslun: [www.donna.is](http://www.donna.is)  
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna ehf)

## Donna

Sími 555 3100 [www.donna.is](http://www.donna.is)

# Öflugt félag á Austu

**Þ**að hefur orðið veruleg fjölgun í félaginu okkar hér fyrir austan og það vex að þrótti ár frá ári. Það er engan bilbug að finna á Stjórnendafélagi Austurlands sem fagnaði einmitt 60 ára afmælinu í haust en forveri þess, Verkstjórufélag Austurlands var stofnað 4. október 1959,“ segir Benedikt Jóhannsson, formaður Stjórnendafélags Austurlands í spjalli við STF tíðindi.

## 40 ár hjá Eskju

Benedikt er yfirmaður landsvinnslu hjá Eskju á Eskifirði en þar hefur hann starfað í 40 ár. Rekstur Eskju byggir nær alfarið á vinnslu uppsjávarfisks og hann segir veiðarnar oft hafa verið sveiflukenndar. „Já, starfsemi í uppsjávarveiðum og vinnslu slíkra afurða eins og loðnu, síldar, makrils og kolmunna er mjög óviss og við, sem störfum í þessu, þurfum alltaf að vera á varðbergi og aðlaga okkur að nýjum og oft öfgafullum aðstæðum,“ segir Benedikt. Hann segir gott að vinna hjá Eskju en fyrirtækið starfrækir fimm skip, fiskimjölsverksmiðju og eina háþróuðustu uppsjávarvinnslu sem til er í Norðu-Atlantshafi. „Þetta nýja uppsjávarfrysthús okkar er um 7.000 m<sup>2</sup> að stærð og það getur unnið úr 900 tonnum á sólarhring. Við hugsum um umhverfið en starfsemin í húsinu er knúin með rafmagni sem auðvitað er framleitt úr endurnýjanlegum orkugjöfum.“

Eskja er gamalgróið fjölskyldufyrirtæki á Eskifirði sem áður hét Hraðfrystihús Eskifjarðar. Var það stofnað árið 1944 til þess að skjóta styrkum stöðum undir fábreytilegt atvinnulíf bæjarins. Stofnendur félagsins voru um þrjú hundruð einstaklingar og fyrirtæki á staðnum. Síðan þá hefur Eskja verið kjölfestan í atvinnulífi Eskifjarðar. Hjá Eskju starfa um 100 manns í dag þannig að það er öflug stoð í atvinnulífi Austurlands.

## Spannar stórt landsvæði

Stjórnendafélag Austurlands er býsna stórt félag og var lengst af annað stærsta félagið innan Sambands stjórndendafélaga, STF. Starfssvæðið er allt frá Hornafirði til Vopnafjarðar og langflestir félagsmanna hafa verið tengdir sjávarútveginum. Frá því álverið á Reyðarfirði kom til sögunnar hefur félagsmönnum úr þeim geira fjölgað og því meiri breidd í hópnum en var á árum áður.

„Við rekum skrifstofu á Reyðarfirði og þar ræður ríkjum Sigurbjörg Hjaltadóttir og hún er betri en enginn, skal ég segja þér. Við vorum gestgjafi á sambandsþinginu sem haldið var á Hallormsstað sl. vor og hún bar hitann og þungann af undirbúningi þess með miklum sóma. Félagsmenn í Stjórnendafélagi Austurlands þekkja vel til hennar starfa og vita að hún leysir úr málum hratt og vel



**Benedikt Jóhannsson, formaður Stjórnendafélags Austurlands:** „Mér finnst sambandinu og raunar aðildarfélögunum líka, hafa tekist vel að fanga tíðarandann og þróast í samræmi við breytt samfélag.“





Sigurbjörg Hjaltadóttir á skrafi við forystumenn STF á 38. sambandsþinginu á Hallormsstað í vor. Það var í mörgu að snúast.

en daglega berast fjölmörg erindi á skrifstofuna. Það skiptir miklu máli fyrir félagsheildina hér að hafa opna skrifstofu en auðvitað fáum við líka ýmsa þjónustu á aðalskrifstofu STF í Kópavogi eins og önnur félög í sambandinu.“

### Þrjár íbúðir í borginni

Það vekur athygli að Stjórnendafélag Austurlands á og rekur þrjár íbúðir í Reykjavík og þær eru meira að segja allar í sama fjölbýlishúsinu við Sóltún 28! Benedikt segir að tvær þessara íbúða hafi verið teknar í gegn haustið 2016, m.a. skipt um gólfefni, baðherbergi endurnýjuð og ný húsgögn keypt inn. „Ári síðar festum við svo kaup á þriðju íbúðinni í Sóltúni og fengum hana afhenta með öllu innbúi. Sama ár seldum við íbúð sem félagið átti á Akureyri en keyptum í staðinn hús í byggingu í Kjarnaskógi. Húsið þar hefur fengið einróma lof fyrir huggulegheit og góðan aðbúnað og komast oft á tíðum færri að en vilja.“

Margir hafa raunar spurt sig afhverju Austfirðingar séu ekki í Frímanni, bókunarvef sambandsins? „Stutta svarið er það að okkar félagsmenn hafa fulla þörf fyrir aðgang að þessum íbúðum sem við eigum, m.a. vegna þess að

þær eru ekki aðeins til notkunar fyrir menn í orlofi heldur eru þetta einnig sjúkraíbúðir. Það hefur margoft sýnt sig vera mikilvægt fyrir okkar fólk þegar það þarf að sækja lækniþjónustu til höfuðborgarinnar. Enda er mikil og góð nýting á íbúðum Stjórnendafélags Austurlands, 80-90% að jafnaði,“ segir Benedikt.

### Að fanga tíðarandann

Á 38. þingi STF á Hallormsstað í vor fór fram mikil og ítarleg umræða um þróun sambandsins á liðnum árum og bollaleggingar um hvert skyldi stefna. „Það kom vel fram í þeirri umræðu að sambandið hefur undanfarin ár gengið í gegnum miklar breytingar og ég er þess fullviss að við erum á réttri leið. Þessi samtök aðildarfélaganna hafa eflst mjög með skipulagsbreytingum og eru því betur í stakk búin, bæði fjárhagslega og skipulagslega, að veita þá þjónustu sem krafist er í dag. Mér finnst sambandinu og raunar aðildarfélagunum líka, hafa tekist vel að fanga tíðarandann og þróast í samræmi við breytt samfélag. Það er ánægjulegt,“ segir Benedikt Jóhannsson, formaður Stjórnendafélags Austurlands að lokum. ■

# Stjórn STF úr öllum aðildarfélögum



**N**ý stjórn Sambands stjórnendafélaga er skipuð öllum fulltrúum aðildarfélaga sambandsins. Eftir sambandsþingið á Hallormsstað skipa þessir stjórn STF: Skúli Sigurðsson, forseti, Skúli Björnsson varaforseti, Viðar Þór Ástvaldsson gjaldkeri, Kjartan F. Salómonsson ritari og stjórnarmennirnir Einar Már Jóhannesson, Rögnvaldur Örn Snorrason, Hildur H Zoega Stefánsdóttir, Kristján Sveinsson, Kári Kárason, Sveinn Guðjónsson, Unnur María Rafnsdóttir og Sigurður H. Harðarson. ■





Trésmiðjan Stígandi tekur að sér allt sem við kemur byggingum og mannvirkjagerð. Á tæknivæddu verkstæði smíðum við nánast hvað sem er, allt eftir þínum óskum. Við leggjum áherslu á vönduð vinnubrögð og persónulega þjónustu.



# TRÉSMIÐJAN STÍGANDI

FAGMENN Í TRÉVERKI SÍÐAN 1947

TRÉSMIÐJAN STÍGANDI / SÍMI: 452 4123 / WWW.STIGANDIHF.IS

Smásaga eftir Ólaf R. Sigurðsson

# Hafsjóir falla

**D**agurinn leið hratt í annars annasömum degi eins og gefur að skilja á sjálfri Þorláksmessu og var að kveldi kominn fyrr en varði. Börnunum var gert að háttu snemma og við hjónakornin hégum hálf dösuð yfir kaffibolla fram yfir miðnætti. Ekki var annað eftir en að pakka inn jólagjöfum, það yrði gert í fyrramálið.

Loks var slökkt á lampanum yfir hjónarúminu og svefninn sigraði þreyttar sálir. Varla hef ég verið búinn að sofa lengi er ég hrekk skyndilega upp, glaðvaknaður, fálmandi eftir vekjaraklukkunni á náttborðinu. Hvað, tvö eftir miðnætti? Tilgangslaust var að reyna að festa blund svo að ég lyfti sænginni varlega til hliðar og steig gætilega framúr og gekk að glugganum í stofunni.

Það hafði snjóað lítið eitt en himininn var nú alstirndur. Ég klæddi mig í skyndi, en hvers vegna var mér ekki ljóst. Eitthvað afl innra með mér hvatti mig til að fara út í nóttina. Þá rumskaði konan. Hún reisti sig upp til hálfis og skotraði svefndruknum augunum til mín þar sem ég stóð alklæddur í dyrunum. „Hvað, ertu að fara út? Um miðja nótt? Hvað er eiginlega að?“ Satt best að segja gat ég ekki svarað öðru en því að stuttur göngutúr gerði mér gott og ég yrði ekki lengi.

Nýfallin mjöllin var hrein og mjúk. Mér fannst eins og ég væri einn í heiminum og spor mín urðu eftir í snjónum. Bærinn svaf og ljósaskreytingar húsanna vörpuðu ævintýranlegum bjarma á umhverfið. Einn og einn ljósastaur hafði sofnað, þeir hafa eflaust talið umhverfið nógu bjart. Ég var kominn í miðbæinn og var svona að gæla við að fara til baka, en hvað er þetta? Spor. Hér hafði einhver verið á ferð því til hliðar við mig voru nýgengin spor. Ég skimaði í allar áttir, en hvergi var mann að sjá. Hvaða persóna skyldi hafa verið hér á ferð? Ég beygði mig niður til að virða sporin fyrir mér og reyndi að spá í manngerðina. Lágvaxnari en ég, styttri skref, útskeifur, hokinn, táin markaði dýpra en hælarnir, gamlir skór, ekkert mynstur, stigur þyngra í hægri fót. Sjómaður eða haltur? Nei, sjómaður, dregur hælana, letingi? Nei þreyttur eða öllu heldur lúinn.

Ég leit upp og svo rakti ég sporin. Stopp. Þau lágu að glugga ritfangaverslunar. Hér hefur hann staldrað við, gleiðfættur og hallað sér fram. Hvað skyldi hann hafa verið að skoða? Og hvað er nú þetta? Fingraför í snjónum á gluggasyllunni, vantar þumalfingur hægri handar? Já, það virðist vera. Ég virti fyrir mér útstillinguna í glugganum; blöð, ritföng, bækur. Ein lá á gólfinu. Mynd á vegg; málverk af skipi í stórsjó.

Sporin vöktu áhuga minn á ný enda ég orðinn allspenntur. Pennan mann varð ég að sjá og sporin rakti ég eftir götunni miðri. Og áfram upp í móti. Ákveðin mynd af þessum manni hafði fæðst í hugskoti mínu og ég var í þungum þönkum þegar ég áttaði mig á að fyrir framan mig var kirkjugarðshliðið og sporin lágu þar inn.

„Svona nú góði. Enga hræðslu.“ Og inn rakti ég sporin. Tunglið varpaði daufri birtu á umhverfið eins og til að telja í mig kjark. Stopp, þarna! Nú sá ég hann greinilega við eitt leiðið! Þá rann ég til og missti sjónar af manninum en þegar ég leit upp í áttina til hans var hann horfinn. Mér brá, en tók mig á. Dularfullir og óútskyranlegir atburðir gerast ekki í dag, ef til vill hér áður fyrir.

Ég gekk síðan að leiði því sem hann hafði staðið við. Sporin. Hér enduðu þau. Það var ekki um að villast. Þessu var erfitt að trúa. En smám saman rofaði til í hugskoti mínu þar sem ég stóð við ókunnugt leiði. Héðan gat engin mannvera horfið sporlaust.

Ég beygði mig niður og dustaði snjóinn af lágum veðurbörðum legsteini þar sem lesa mátti til hliðar nafn konu. Gekk ég síðan út úr kirkjugarðinum og er út fyrir hliðið kom, sá ég nýgengin spor er lágu til baka til hliðar við sporin sem ég hafði gengið í áður. Kannski var lausnin á þessu næturævintýri í auglýsningu þrátt fyrir allt? Og sporin fór ég að rekja að nýju. Stopp, ritfangaverslunin, hér enduðu sporin. Hann hefur haft sama hátt á og áður:





hallað sér upp að glugganum. Til hvers? En ég er engu nær. Hér er eitthvað á ferðinni sem mínu heilabúi er ofvaxið að skilja.

Köttur heyrðist mjálma í grenndinni og var ekki laust við feginleik að heyra í heimilisvini einhvers íbúans við götuna og vinalegt að sjá hann skokka að fótum mér og fá sér langa stroku. Síðan elti hann mig langleiðina heim. Ég vildi engan vekja svo að ég lagði mig í sófann í stofunni eftir furðulega atburðarás sem ég hefði viljað komast til botns í.

Ég vaknaði við yfirþyrmandi hávaða. Konan var að ryksuga. Framleiðendur þessa fyrirbæris hefðu gjarnan mátt hafa það ögn hljóðlátara. Þögn. Konan stóð á miðju gólfi með hendurnar á mjöðmum. „Er ekki mál að vakna?“ Og þar með byrjaði nýr dagur – aðfangadagur jóla. Yfir rötsterku kaffi við eldhúsborðið reyndi ég að átta mig á tilverunni og sjálfum mér. Eitthvað hef ég verið fjarrænn og utangátta en ég veitti því athygli að konan sat fyrir framan mig og þyrði augun yfir brún kaffibollans og spurði ósköp hæverkslega hvort ekki væri rétt að koma sér að verki? Ha, jú, jú. Mikil ósköp! Það er nú annað hvort! Um leið stóð ég upp, tilbúinn að taka til hendinni. „Pakkaðu þá inn jólagjöfinni hans pabba þíns“, sagði hún og benti á skápinn fyrir aftan mig. „Hvað ætl-uðum við að gefa honum? „Nú, bókina,“ sagði hún dolfallin. „Bók?“ át ég eftir. Ég hlýt að hafa verið ámátlega aulalegur í andlitinu. Eitt augnablik – og þar með var ég rokinn út en kallaði inn um dyragættina um leið og ég skellti aftur hurðinni: „Ég verð fljótur.“

Í þetta sinn fór ég á bílnum og var kominn að ritfangaverslunni eftir skamma stund. Það átti að fara að loka, svo að ég var fljótur inn. „Hvað var það fyrir þig?“ spurði afgreiðslustúlkan. „Ja, bók,“ svaraði ég vandræðalega. „Gerðu svo vel,“ sagði hún og benti á bókahillurnar. Ég hafði ekki hugmynd um hvað bókin hét, en tók mig á og spurði: „Ég ætlaði að kaupa bókina sem lá á gólfinu.“ Hún snéri sér að mér, eitt spurningamerki í búlduleitu andlitinu. „Hvaða bók var það?“ „Satt best að segja veit ég það ekki,“ svaraði ég. En þá kom mér til aðstoðar miðaldra kona sem hafði verið innar í versluninni og teygði sig eftir bók í einni hillunni og lagði hana á borðið um leið og hún sagði: „Þetta er bókin sem lá á gólfinu.“ En um tilvist hennar þar er ofvaxið mínum skilningi. Konan pakkaði bókinni inn og ég borgaði í snatri.

Er heim kom demdi ég mér í að hjálpa konunni. Hún sagði fátt eitt en skýringum veitt viðtöku síðar. Seinni

part dagsins kom fjölskyldan sér fyrir í sófanum og var ekki frítt við að hið innra ríkti spenna, er umbúðirnar fuku af bókinni og nafn hennar blasti við: „*Hafsjóir falla. Sannar frásagnir.*“

Nafn bókarinnar sagði mér eitthvað, en hvað? Og hver var það sem leit þessa bók? Og gaf mér vísbendingar? Pabbi? Óþolinmæði gætir. Ég fletti víst bókinni af full miklum ákafa. Enn situr í mér næturröltið. Konan ýtir við mér. Já, já. Og nú voru blaðsíðurnar lesnar af nákvæmni. Ég fletti til baka á síðu 75. Þar er eitthvað og höfuðin þrjú beygja sig niður að bókinni. Nafnið á konunni sama og á legsteininum, fæðingardagurinn svo og dánardægur. Þar var ekki um að villast. En það var ekki kona sem átti sporin sem ég rakti í nótt. En hver þá? Ég fletti bókinni að nýju. Já, aftur og aftur þar til eiginkonan tók við og benti á merkilega frásögn af sjómanni sem fórst á Halamiðum á Þorláksmessu. Mynd af honum fylgir frásögninni. Og lýsingin á þessum sjómanni vakti athygli mína svo ekki sé meira sagt. Hann var fremur lágvaxinn og gekk álútur, steig ölduna eins og gjarnan gerist hjá mörgum sjómanninum. Harður af sér eins og berlega sýndi sig er hann varð fyrir slysi á hafi úti og missti þumalfinger... Svona var þetta.

Hljómur kirkjuklukknanna berst til okkar á leið í kirkjugaðinn. Klukkan orðin sex og jólahátíðin gengin í garð. Sporin í mjöllinni eru nú ótal mörg, stór og smá. Eiginkonan og börnin undrast ekki þótt pabbi leggi blóm á legstein konu sem þau þekktu ekki. Þegar ég reisi mig upp eftir að hafa hagrætt blómunum við legsteininn, var eins og eitthvað strykist við vanga minn og er ég leit á konuna og börnin mátti lesa spurningar og undrun úr augum þeirra. Og ósjálfrátt lyftu þau hönd að kinn. ■

Ó.R.S.

### Eftirmáli höfundar

Þegar ég var löggæslumaður á lögreglustöðinni við Hilmisgötu í Vestmannaeyjum fyrir nokkrum áratugum á tíðindalausri næturvakt, samdi ég söguna *Hafsjóir falla*. Nánar tiltekið í klefa 3 en þar var þá aðstaða til skýrslugerðar. En menn dvöldu þar eigi lengur en þörf krefði sökum martraðir ef dottað væri. En svo ber við að skrif mín þar inni gengu svo vel að innan klukkustundar var sagan tilbúin til birtingar. Ytri aðstæður gáfu reyndar tóninn. Kyrrðin í nýfallinni mjöllinni.



**M**ed þessari útskrift hér í dag eru runnin upp merk tímamót eftir þrettán ára umbótastarf á námi og kennsluaðferðum fyrir verkstjóra og aðra millistjórnendur í íslensku atvinnulífi. Upphafsins má leita til ársins 1962 þegar lög um fræðslu verkstjóra voru samþykkt á alþingi. Verkstjóranámskeiðin voru síðan haldin í áratugi hjá Iðntæknistofnun og Nýsköpunarmiðstöð.

Um og eftir síðustu aldamót höfðum við Kristján Örn Jónsson, fyrrum forseti VSSÍ, talað um það í stjórn Verkstjórnarfræðslunnar að breyta til og bjóða upp á endurnýjað nám og aðferðir. Okkur grunaði að gera mætti betur, bæði hvað varðaði innihald námsins og kennsluaðferðir. Satt að segja fengum við heldur dræmar undirtektir og jafnvel mótmæli við svona glannaskap enda allir þátttakendur að sögn ánægðir með námskeiðin og ekki ástæða til breytinga. En við félagarnir höldum áfram að tuða um endurbætur enda þrjúskir að eðlisfari!

Árið 2007 var gerð ítarleg greining af Verkstjórasambandinu og Iðunni, fræðslusetri iðnaðarins, á fræðsluþörf verkstjóra og settar fram tillögur um aðgerðir. Margar góðar ábendingar komu fram í skýrslu þessari frá verkstjórum og fyrirtækjunum, m.a. að mikil þörf væri á að bæta fræðslu verkstjóra til þess að gera fyrirtækjunum betur kleift að standast samkeppni, að nauðsynlegt væri að námsleiðir og útfærsla þeirra tæki mið af mismunandi aðstæðum verkstjóra, m.a. landfræðilegum

og að miða ætti fræðsluna við hópverkefni þar sem fengist er við raunveruleg viðfangsefni í daglegu starfi verkstjóra. Þarna voru lagðar merkilegar línur sem nýttust síðar. Síðan gerðist ekkert meir enda skortur á fjármagni og kannski áhuga til að hrinda hlutunum í framkvæmd.

### Starfsmenntasjóður stofnaður

Um mitt ár 2008 var í tengslum við kjarasamninga við Verkstjórasambandið (eins og það hét þá) ákveðið að stofna Starfsmenntasjóð SA og VSSÍ. Í samþykktum sjóðsins var – auk þess að styrkja verkstjóra til náms – merkilegt ákvæði um að leyfilegt væri að styrkja náms-efnisgerð og nám sem hvergi væri í boði en gæti gagnast verkstjórum og öðrum millistjórnendum til að bæta hæfni sína.

Þetta ákvæði í reglum sjóðsins var lykilatriði með hliðsjón af því sem síðar kom. Þar með var sjóðnum líka lagt á herðar að meta hvort námsefni og/eða námsframboð, sem er á boðstólum hverju sinni, fullnægi þeim kröfum sem gera verður til náms og endurmenntunar verkstjóra.

Þarna er komið að kjarnaatriði: **að hafa á hreinu þær kröfur sem leggja þarf til grundvallar í námi verkstjóra.** En hver mótar þessar kröfur og fylgir þeim síðan eftir í raun? Svar okkar í stjórn Verkstjórnarfræðslunnar var **atvinnulífið sjálft**, ekki skólar, ekki stofnanir og ekki einstaka ráðgjafar úti í bæ, hversu ágætir sem allir þessir



Ingólfur Sverrisson skrifar

# Fræðsla verkstjóra og annarra millistjórnenda

Ávarp flutt 16. ágúst 2019 við útskrift nema úr loklotu Stjórnendafræðslu SA og STF

aðilar eru. Þeirra sérhæfing nýtist þó sannarlega ef atvinnulífið veit sjálf hvað það vill í þessum eignum. Samkeppnishæfnin ræðst nefnilega í fyrirtækjunum sjálfum og hvergi annarsstaðar. Þau geta ekki látið kyrrt liggja og bent ásakandi á aðra ef ekki er í boði nám og þjálfun fyrir þá lykilstarfsmenn sem verkstjórar eru í hverju fyrirtæki. Atvinnulífið, eða samtök þeirra, verður sjálf að axla ábyrgð, skilgreina þarfir sínar hvað varðar hæfni millistjórnenda og sjá til þess í samstarfi við aðra að þeim sé sinnt. – Leið svo fram til ársins 2011 og lítið gerðist.

## Verkefnið VS-2011

Þá leitaði stjórn Starfsmenntasjóðsins til Verkstjórnarfræðslunnar, Nýsköpunarmiðstöðvar, Verkstjóarsambandsins og Samtaka atvinnulífsins um það hvort ástæða væri til að stofna sérstakt verkefni til að skilgreina með heildstæðum hætti hvernig fræðsluþörf verkstjóra og annarra millistjórnenda yrði best fyrir komið, bæði hvað varðar innihald og framkvæmd. Allir þessir aðilar brugðust vel við og í febrúar árið 2011 var stofnað verkefnið VS-2011 sem skyldi endurskoða þekkingarmiðlun Verkstjórnarfræðslunnar. Þetta var forverkefni sem ætlað var að setja hugsanlegu heildarverkefni um nauðsynlegt fræðsluframboð fyrir millistjórnendur markmið, skilgreina innihald og uppbyggingu þess og skoða hvernig best yrði staðið að kennslunni sjálfri. Auk þess yrðu mótaðir mælikvarðar um árangur, sýnt fram á að verkefnið væri raunhæft og ákveða tímasetningar verkþátta, áfanga og verklok í samstarfi við þá sem vinna

myndu heildarverkefnið ef að því kæmi. Sem sagt: **forverkefni** þar sem gerð yrði áætlun um áframhaldandi vinnu við útfærslu og hún verðlögð. Á þeim grundvelli var síðan sótt um styrk til Starfsmenntasjóðsins og umsóknin samþykkt samhljóða.

Hófst nú sú vinna undir styrkri verkstjórn Gylfa Einarssonar sem var ráðinn til þess að halda utan um allt þetta verk og undirbúa framvindu þess milli funda sem haldnir voru hálfsmánaðarlega allt til miðs árs 2013. Þá var niðurstaðan birt í yfir 230 síðna handbók verkefnisstjórnar undir heitinu „VS-2011 – Verkstjórn – þekking, leikni, hæfni.“

## Hagnýtt fjarnám

Þarna voru settar fram mjög ítarlegar kröfur um inntak námskeiða eða lotna eins og þá var farið að kalla námið með viðmiðunarrömmum um þekkingu og leikni sem leitast skyldi við að miðla og þjálfna í hverri lotu námsins. Jafnframt var þar skilgreind hæfni nemenda sem þeir ættu að öðlast í námi sínu, auðvitað að því gefnu að þeir tileinki sér það sem fyrir er lagt.

Þarna var sem sagt komið að **tímamótum** og því taldi ég, sem fulltrúi Samtaka atvinnulífsins í þessu starfi öllu, tímabært að bera fyrirbyggjandi stefnumótun, námsinnihald og námsaðferðir undir þá sem ábyrgð bera á þessum málum í stærstu aðildarfyrirtækjum Samtaka atvinnulífsins. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sem þá sá um

fræðslu- og menntamál á þeim bæ, brá skjótt við og efnt var til fjölmenns fundar hjá SA þar sem ég útskýrði niðurstöðurnar og fyrirbyggjandi tillögur um innihald námsins og útfærslu. Ég leitaði álits fundarmanna, hvort við værum að þeirra mati á rétttri leið og hvort við ættum að halda áfram og klára dæmið á þessum nótum. Skemmst er frá því að segja að tillögurnar fengu mjög góðar viðtökur og lagt til að hafist yrði handa um að móta námsframboð á þessum grundvelli.

Eftir þetta var gerð ný verkáætlun sem nefnd var VS-2014. Þá fólst verkefnið í því að ráða sérfræðinga til starfa sem ætlað var að hanna námsefni í samræmi við uppskriftir hvers áfanga í VS-2011 og einnig að kanna og meta kosti við að miðla því til nemenda. Þetta var vissulega mjög yfirgripsmikið verkefni enda fólst það í því að semja námsefni fyrir allar loturnar og ákveða hvernig því skyldi komið á framfæri við nemendur. Og enn nutum við góðrar fjárhagsaðstoðar Starfsmenntasjóðsins enda hafði verið sýnt fram á að það nám sem hér var verið að leggja upp með var í samræmi við kröfur atvinnulífsins auk þess sem það var hvergi annarsstaðar á boðstólum sem ein samfelld heild.

Liðu nú mánuðir og ár og gríðarleg vinna framkvæmd við þetta göfuga verkefni þar sem margir sérfræðingar komu við sögu, bæði úr skólum, stofnunum og sjálfstætt starfandi. Og enn hafði Gylfi Einarsson yfirstjórn með framvindu verkefnisins í nánú samstarfi við verkefnisstjórn.

Eitt af því sem ákveðið var á þessum tíma var að allt

námið yrði fjarnám enda voru þá að koma í ljós möguleikar í þeim efnum sem breyttu öllu. Var þá hægt að koma til móts við óskir um að engu skipti hvar á landinu nemendur væru staðsettir – allir sætu við sama borð en ynnu líka saman í hópum eins og menn gerðu sér vonir um í upphafi þessa starfs. Þar að auki væri hægur vandi fyrir starfandi verkstjóra að sæta lagi í dagsins önn þegar þeir gætu sinnt þessu námi auk þess frítíma sem þeir hlytu að nýta með.

### Fyrsta lota hefst

Svo kom að því árið 2015 að fyrsta námskeiðið í fyrstu lotu fór af stað undir stjórn Kristjáns Óskarssonar hjá Nýsköpunarmiðstöð. Þá varð okkur strax ljóst að við höfðum hitt naglann á höfuðið, bæði hvað varðar innihald og framsetningu. Þetta sást af viðbrögðum fyrstu nemenda sem lýstu því flestir strax yfir að þeir vildu halda áfram í næstu lotum. Á þessum tíma var jafnframt unnið að því að klára námslýsingar fyrir næstu lotur og þær síðan teknar í gagnid og kenndar eftir því sem á leið. Nú, á þessu herrans ári 2019, er búið að koma málum þannig fyrir að kennslan er farin frá Nýsköpunarmiðstöð og til Háskólans á Akureyri. Allt það samstarf er með miklum ágætum og er það vissulega fagnaðarefni.

Við settum okkur í upphafi það markmið að keyra allar loturnar a.m.k. einu sinni, laga það sem laga þyrfti í hverri þeirra í samvinnu við kennara og bæta um betur ef svo bar undir. Keyra þær svo aftur áður en við gætum sagt að allt væri með besta móti, bæði hvað varðar náms-efnið sjálft og framsetningu þess. Og með þessari útskrift hér í dag er sú stund runnin upp hvað allar loturnar

Glæsilegur hópur stjórnenda útskrifaðist úr síðustu lotu Stjórnendafræðslu SA og STF sl. sumar.







Þeir ruddu brautina. Um og eftir síðustu aldamót hófu Kristján Örn Jónsson, fyrrum forseti VSSÍ og Ingólfur Sverrisson umræðu um nauðsyn þess að efla stjórnendanámið og breyta kennsluaðferðum.

varðar. Af því leiðir að þessi dagur er sannarlega tímamót á þessu þrettán ára ferli.

Sjálfur fullyrði ég að allt þetta mikla starf hafi nú þegar sannað gildi sitt fyrir íslenskt atvinnulíf og alla millistjórnendur. En þetta er þó ekki nema byrjunin því enda þótt búið sé að varða veginn þá þarf alltaf að setja nýjar steina í vörðurnar ef við ætlum að ná því marki að vera ávallt samkeppnishæf á alþjóða mörkuðum og geta á þeim grundvelli boðið landsmönnum upp á bestu lífskjör.

#### Nú liggur afraksturinn fyrir

1. Vel unnin þarfagreining atvinnulífs og verkstjóra á menntunarbörf millistjórnenda í nútíma samkeppnisumhverfi
2. Viðamiknið, vel uppbyggt og vandað námsefni í samræmi við skilgreindar námskröfur atvinnulífsins
3. Afbrigðis kennarar sem sýnt hafa mikla færni við að koma námsefninu á framfæri við nemendur, þjálfa þá og gera enn hæfari í mikilvægu starfi
4. Nýting frábærrar kennslutækni sem tryggir nemendum gott aðgengi að náminu án tillits til hvar á landinu þeir búa

Á þessum tímamótum er því eðlilegt að við Kristján Örn vinur minn spyrjum okkur að því hvort fyrirbyggjandi afrakstur sé í samræmi við þær væntingar sem við bárum í brjósti fyrir hart nær tuttugu árum þegar við byrjuðum að tala um endurnýjun náms og námsaðferða innan stjórnar Verkstjórnarfræðslunnar. Að öllu skoðuðu er óhætt að fullyrða að innihald núverandi náms og kennsluaðferðir hafi þegar farið langt fram úr okkar viltustu draumum og sannað rækilega að breytingar geta hæglega leitt til framfara!

Um leið og ég óska ykkur sem brautskrást hér í dag hjartanlega til hamingju þá fagna ég því mjög að nú er í boði vænlegur kostur til að styrkja stöðu og færni verkstjóra og annarra millistjórnenda sem gegna sannarlega lykilhlutverki í fyrirtækjarekstri nútímans og til allrar framtíðar. ■

*Ingólfur Sverrisson er fyrrverandi fulltrúi Samtaka atvinnulífsins í stjórn Verkstjórnarfræðslunnar.*

# Stjórnendanámið gagnast atvinnulífinu

Rætt við Stefán Guðnason, verkefnastjóra hjá Símenntun HA

Ég leyfi mér að fullyrða að það er gríðarlegur hagræði í því, fyrir fyrirtæki og stofnanir, að senda sína millistjórnendur í stjórnendanámið. Þeir eflast í starfi, hafa jákvæð áhrif á daglega vinnu og veita skipulagsheildinni aðhald í leiðinni, aðhald sem oft á tíðum stóreykur ábata fyrirtækja. Við hjá Símenntun höfum reynt eftir fremsta megni að gefa þessu námi þann sess sem það á skilið hvað varðar þjónustuna frá okkar hendi. Við erum alltaf til taks fyrir nemendur og reynum að leysa úr öllum þeim vanda sem upp kemur.“

Þetta segir Stefán Guðnason, verkefnastjóri hjá Símenntun Háskólans á Akureyri en hann hefur yfirumsjón með stjórnendanáminu sem er samstarfsverkefni starfsmenntasjóðs Sambands stjórnendafélaga og Samtaka atvinnulífsins. Námið hentar öllum þeim sem hafa mannaforráð eða þeim sem hafa áhuga á að hafa mannaforráð í framtíðinni.

## Stærsti hópurinn í vetur

„Námið er byggt upp fyrir fólk í vinnu og við aðlöguðum verkefni að nemendunum og þeirra vinnustað. Með því fá þeir innsýn í hvernig hægt er að nýta inntak námsins í starfinu sem þeir gegna. Þetta er því afar hagnýtt nám og búið til með þarfir vinnumarkaðarins í huga. Aðsóknin í námið hefur verið mjög góð og nú í vetur sjáum við fram á stærsta hóp frá upphafi en þar sem þetta er fjarnám getum við nánast tekið endalaust við. Stjórnendanámið gagnast atvinnulífinu á þá leið að þetta færir millistjórnendum verkfæri til að takast á við sibreytilegan vinnumarkað og umhverfi. Námið færir millistjórnendum þekkingu og leikni sem þróast út í hæfni til að takast á við þær miklu og vaxandi kröfur sem gerðar eru til stjórnenda í dag. Þetta er ekkert lengur þannig að ef eitt-hvað kemur upp á að stjórnandinn geti bara tekið öskrið á þetta og ætlast til að allir hljóði. Millistjórnandinn gegnir orðið miklu meira og stærra hlutverki en áður. Það eru ótal þættir sem koma inn, veikindi aðstandenda, fíknivandi, fjölmennning, álag, „burn out“ almenn vanlíðan



Stefán Guðnason, verkefnastjóri hjá Símenntun HA. „Ég var nýbúinn að senda frá mér masters ritgerðina þegar síminn hringdi og mér bauðst að stýra stjórnendanáminu sem Símenntun Háskólans á Akureyri var að taka inn. Ég þurfti ekki að hugsa mig lengi um.“



starfsfólks og ótal aðrir þættir sem millistjórnandinn þarf að geta „tæklað“ vel ef ekki á illa að fara. Stjórnendanámið færir millistjórnandanum verkfæri til að takast á við þessa þætti og fleiri.“

### Að sjá stóru myndina

„Þetta nám eflir millistjórnandann í að skilja betur sína skipulagsheild og hjálpar honum að átta sig á um hvað málið snýst þegar ákveðnir ferlar eða breytingar fara í gang. Stjórnendanámið kennir millistjórnandanum að sjá stóru myndina og þannig getur hann orðið stór þáttur í þeim breytingum sem fyrirtæki og stofnanir þurfa reglulega að fara í gegnum. Ef millistjórnandinn hefur ekki skilning á því hvers vegna ákveðnar breytingar eru innleiddar eða hefur ekki þekkingu til að sjá stóru myndina er hætt við að andstaða myndist. Og þegar 4. iðnbyltingin lemur á glugganum okkar þá er eins gott að millistjórnandinn sé með á nótnum og geti tekið þátt í breytingaferlinu,“ segir Stefán enn fremur.

Stefán segir að með því að hafa námið í fjarnámi sé m.a. verið að koma til móts við þarfir vinnumarkaðarins. „Það er sífellt erfiðara að missa starfsfólk út heilu og hálfu dagana í námskeiðahald. Þetta nám er hægt að stunda alfarið utan vinnutíma auk þess sem það stuðlar að bættum vinnubrögðum inn á vinnustaðnum þar sem verkefni eru unnin út frá nemandanum. Nemandinn

vinnur sín verkefni út frá því sem er að gerast á hans vinnustað miðað við viðfangsefni vikunnar. Sem dæmi má nefna sorg og sorgarviðbrögð sem er áfangi hjá okkur í lotu 2.2. Þar snýst verkefnið um að fara yfir verkferla á þínum vinnustað þegar andlát eða erfið veikindi bera að snögglega. Með því að hafa þetta í fjarnámi stuðlum við að því að sama hvar á landinu þú ert, þú getur alltaf sótt námið. Við þössum líka að vinna gegn þessu stigma sem fylgir fjarnámi að engin tengslamyndun sé á milli nemenda. Við hittumst einu sinni í viku og fundum um viðfangsefni vikunnar með kennaranum og köfum þar af leiðandi dýpra í efnið og fáum að njóta reynslu annarra nemenda. Í nemendunum er hafsjór af reynslu og upplýsingum sem við viljum að aðrir nemendur njóti góðs af!“

### Örlagaríkt símtal

Við spyrjum Stefán út í fyrri störf og nám og hver hafi verið tildrög þess að hann réðst til starfa hjá Símenntun Háskólans á Akureyri?

„Ég er með B.A. í fjölmiðlafræði og diplómu í kennslufræðum til kennsluréttinda frá HA og master í stjórnun frá háskólanum í Lundi. Að auki er ég að vinna að mastersritgerð í opinberri stjórnsýslu og vonast til að klára hana í vetur. Ég hef starfað sem grunnskólakennari, þjálfari og verkefnastjóri í KA áður en ég fór að vinna hjá

ÍSRÖR	ÍSRÖR	ÍSRÖR
 <p>Hjá ÍSRÖR færðu einangruð hitaveiturör frá LOGSTOR</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Stálrör</li><li>- Stálfittingar og samsetningar</li><li>- Pexrör</li><li>- Pexfittingar og samsetningar</li><li>- PexFlextra sveigjanlegri pexrör</li><li>- Pexfittingar og samsetningar</li></ul> <p>Og svo allt annað sem þarf til hitaveitulagna</p>	<p>Hjá ÍSRÖR færðu einnig</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Viðvörunaborða</li><li>- Hlífðarborða</li><li>- Opnanleg hlífðarrör</li><li>- Jarðvegsmottur</li><li>- Hitaveituskápa</li><li>- Ljósleiðaraskápa</li><li>- Gasskápa</li><li>- Dæluskápa</li></ul> <p>og svo margt fleira</p>	 <p>Hjá ÍSRÖR færðu pressutengi og pressuvélar frá Haelok fyrir stálrör frá 3/8" upp í 4"</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Minnkanir</li><li>- Bein tengi</li><li>- Viðgerðartengi</li><li>- Nippla</li><li>- Múffur</li><li>- Hné</li><li>- Té</li><li>- Blindlok</li></ul>
<p>Hringhella 12, Hafnarfjörður • Sími 565-1489 • isror@isror.is • www.isror.is</p>		



Útskrift. Stefán Guðnason afhendir Jónínu Halldóru Jónsdóttur, þjónustufulltrúa hjá Stjórnendafélagi Suðurlands prófskírteinið eftir útskrift hennar úr síðustu lotu stjórnendanámsins.

Háskólanum. Ég var nýbúinn að senda frá mér masters ritgerðina þegar síminn hringdi og mér bauðst að stýra stjórnendanáminu sem Símenntun Háskólans á Akureyri var að taka inn. Ég þurfti ekki að hugsa mig lengi um og hoppaði á tækifærið þrátt fyrir að við fjölskyldan hefðum verið búin ákveða að búa áfram í Svíþjóð þar sem okkur leið ákaflega vel. En Akureyri togaði í okkur. Bæði var verkefnið ákaflega spennandi og mikið sóknar-tækifæri í fjarnámi almennt og mig langaði til að vera með í því þannig að úr varð að við fluttum heim aftur.“

#### Faglegt og vandað nám

Eins og áður hefur komið fram fer stjórnendanámið fram

í 100% fjarnámi en nemendur hafa verið mjög ánægðir með námið og fyrirkomulagið. „Við leggjum mikið upp úr tengslamyndun á milli nemenda og teljum að það sé alls ekki flóknara þegar um fjarnám er að ræða. Ég kom inn í þetta frekar hratt og það tók mig góðan tíma að komast inn í þetta allt saman en þegar ég var búinn að skoða námsefnið áttaði ég mig á hversu mikil vinna hafði verið lögð í að útbúa þetta nám. Stjórnendanámið er vandað, faglegt og allt inntak til fyrirmyndar. Ef þið hafið áhuga á að fræðast meira um Stjórnendanámið bendi ég á heimasíðu námsins, [stjornendanam.is](http://stjornendanam.is),” segir Stefán Guðnason hjá Símenntun HA að lokum. ■

## Stjórnendanámið | Átt þú rétt á endurgreiðslu?

Starfsmenntasjóðir, fyrirtæki og stéttarfélag bjóða upp á námsstyrk til sinna félagsmanna. Sem dæmi má nefna að starfsmenntasjóður Sambands stjórnendafélaga endurgreiðir 80% af námskeiðsgjaldinu til einstaklinga á hverju ári eða allt að 450.000 kr. ef námið er kostnaðarsamt. Frekari upplýsingar er hægt að finna inn á síðu STF, [stf.is](http://stf.is)

Ef þú átt rétt á endurgreiðslu frá stéttarfélaginu þínu eða starfsmenntunarstjóð sem þú tengist er einfaldast að fara inn á [attin.is/umsokn/](http://attin.is/umsokn/) og

sækja þar um en þar er að finna upplýsingar fyrir alla helstu sjóði sem veita styrki. Eins er algengt að fyrirtæki greiði það sem upp á vantar fyrir sína starfsmenn enda sjá fyrirtækin sér hag í því að efla sína stjórnendur og millistjórnendur.

Ef þú þarft aðstoð við að fylla út umsóknina eða vilt fá frekari upplýsingar er hægt að senda verkefnastjóra námsins tölvupóst, [stefan-gudna@unak.is](mailto:stefan-gudna@unak.is)



# Hágæða vinnuföt í miklu úrvali

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki



 DUNDERDON


Mikið úrval af öryggisvörum



Nú fást **Snickers** vinnuföt í

**BYKO**  
GERUM ÞETTA SAMAN

**HILTI**  
Verkfæri og festingar

HAGI ehf Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S. 414-3700 • [hagi@hagi.is](mailto:hagi@hagi.is) •  Hagi ehf HILTI



Stjórnendanámið eflist ár frá ári

# Fyrstu nemendurnir



Fyrstu nemendurnir til að ljúka síðustu lotu í stjórnendanámi Símenntunar Háskólans á Akureyri tóku við skirteinum sínum í sumar. Á myndinni með þeim eru forsvarsmenn STF og fulltrúar Símenntunar Háskólans á Akureyri.

**F**yrstu nemendurnir til að ljúka síðustu lotu stjórnendanáms á vegum Símenntunar Háskólans á Akureyri tóku við skirteinum sínum í ágúst sl við hátiðlega athöfn í Hlíðasmára 8 í Kópavogi. Námið er samstarfsverkefni starfsmenntasjóðs Sambands stjórnendafélaga og Samtaka atvinnulífsins en Símenntun Háskólans á Akureyri sér um að halda utan um skráningu og kennslu. Um er að ræða fjarnám sem millistjórnendur í fyrirtækjum og stofnunum eiga kost á að stunda með fullri vinnu.

„Millistjórnandinn hefur mun viðameira hlutverki að gegna en áður var. Það eru ótal þættir sem koma inn s.s. veikindi aðstandenda, fíknivandi, fjölmening, kulnun í starfi og almenn vanlíðan starfsfólks. Allt þetta þarf millistjórnandinn að geta tekist á við ef ekki á illa að fara. Þetta nám, sem Samband stjórnendafélaga hafði forgöngu um, er að mínu mati mjög hagnýtt verkfæri fyrir alla þá sem hafa mannaforráð í fyrirtækjum,“ segir

Stefán Guðnason, verkefnastjóri hjá Símenntun Háskólans á Akureyri.

„Þetta nám er frábært tækifæri fyrir millistjórnendur að leggja mat á eigin þekkingu, leikni og hæfni í starfi. Námið gagnast mjög vel og nemendur eru sammála um að þeir öðlast þekkingu í mannauðsstjórnun og leikni til að greina, bregðast við og meta árangur aðgerða er varðar undirmenn, aðstæður þeirra og líðan í starfi. Nemendur geta fengið styrk úr starfsmenntasjóði STF og SA sem stendur undir 80% kostnaðar og oft leggja fyrirtækin til það sem upp á vantar,“ segir Skúli Sigurðsson, forseti Sambands stjórnendafélaga.

Við athöfnina voru flutt erindi og m.a. farið yfir aðdragandann að þessu námi sem í dag hefur hlotið verðugan sess í íslensku menntakerfi. Frá því er sagt annars staðar í blaðinu. ■

# Ljúka náminu



Bekkurinn var þétt setinn.



Jóhann Baldursson, framkvæmdastjóri STF bauð gesti velkomna og stýrði dagskránni.



Steinunn Ketilsdóttir kennari ávarpaði nemendur og aðra gesti.

# Alveg frábært nám



Guðrún Oddný Schmidt er yfirverkstjóri í fiskvinnslunni Íslandssögu á Suðureyri.

Það er óhætt að mæla með stjórnendanáminu en þetta er algjörlega frábært nám sem er bæði búið að vera erfitt á köflum og krefjandi en alveg þrælskemmtilegt. Umfram allt er þetta mjög hagnýtt nám og ég vann t.d. að handbók fyrir okkur hér í fyrirtækinu sem er í daglegri notkun," segir Guðrún Oddný Schmidt, yfirverkstjóri í fiskvinnslunni Íslandssögu á Suðureyri en hún var í hópi þeirra sem útskrifuðust úr 5. og síðustu lotu stjórnendanámsins í ágúst sl.

Íslandssaga er fyrirtæki sem sérhæfir sig í vinnslu á þorski, ýsu og steinbít og er leiðandi í útflutningi á

ferskum og frystum fiski frá Vestfjörðum. Íslandssaga er hlutafélag í eigu heimamanna sem bornir eru og barnfæddir á Suðureyri og hafa þeir í gegnum tíðina axlað samfélagslega ábyrgð með rekstri fyrirtækja á Suðureyri. Fyrirtækið á 20 ára afmæli nú í desember.

„Já, ég er með starfsheitið yfirverkstjóri og er bara stolt af því. Ég hef unnið í fiski frá því ég var 14 ára gömul og stjórna nú vöskum 50 manna hópi hér í frystihúsinu okkar. Íslendingarnir eru ekki margir, fjórar konur á skrifstofunni og feðgar í móttökunni auk vélstjórans sem er raunar maðurinn minn. Svo eru það Pólverjar, Thailendingar og Filipseyingar, flest harðduglegt fjölskyldufólk sem ætla að vera áfram hér fyrir vestan og hefur fest hér rætur.“

Guðrún Oddný vikur aftur að stjórnendanáminu og segir það hafa verið gefandi. Sérstaklega hrósar hún kennurum og meðnemendum og segir samstarfið hafa verið afar gott. „Fjarnámið er auðvitað algjör snilld og þennan tíma sem ég var í náminu bar aldrei skugga á en tölvutæknin gerir okkur kleift að stunda svona nám með fullri vinnu og án þess að þurfa að vera löngum stundum frá fjölskyldunni. Það hef ég kunnað vel að meta,“ segir Guðrún Oddný að lokum. ■



Guðrún Oddný tekur við blómvendi úr hendi Jóhanns Baldurssonar, framkvæmdastjóra STF eftir útskriftina úr 5. lotu í sumar.





# ÍA V

# Öflugur alhliða verktaki

Húsbyggingar: 201 Smári | Kirkjusandur | Móavegur




Innviðir: jarðgöng | virkjanir | snjóflóðavarnir | fangelsi | gagnaver | vegir | flugskýli



Á tæplega 65 árum höfum við byggt hátt í 10.000 íbúðir ásamt fjölda mannvirkja á borð við íþróttahús, skóla, tónlistarhús, dómshús, skrifstofuhús, jarðgöng, verksmiðjur, verslunarmiðstöðvar, flugskýli, gagnaver, snjóflóðamannvirki, fangelsi og virkjanir ásamt viðhaldi og endurbótum mannvirkja.

ÍA V er eina verktakafyrirtækið á Íslandi sem hefur bæði ISO 9001 gæðavottun og OSHAS 18001 öryggisvottun. Við erum stolt af því að huga vel að bæði starfsmönnum og viðskiptavinum.



ÍA V hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | [www.iav.is](http://www.iav.is)



# Námið er algjör snilld

**É**g get alveg hiklaust mælt með þessu námi og tel að forsvarsmenn í fyrirtækjum eigi að gefa þessu miklu meiri gaum og hvetja sína millistjórnendur til að efla sig í starfi með því að taka loturnar. Þær hafa að minnsta kosti hjálpað mér mikið í því sem ég er að gera," segir Arnar Ingi Lúðvíksson, verkstjóri hjá Nóa Síriusi.

Arnar Ingi var einn þeirra sem útskrifaðist úr 5. og síðustu lotu stjórnendanámsins á dögnum og flutti hann m.a. ávarp fyrir hönd nemenda við það tækifæri. „Þetta nám er algjör snilld og það sem mér fannst einna áhugaverðast er það hvernig það er aðlagð að manns eigin starfsumhverfi. Þetta er ekki byggt upp eins og hefðbundið nám þar sem allt námsefnið er eins fyrir alla heldur fær maður líka tækifæri til að máta þetta við eigin vinnustað og þau viðfangsefni sem þar eru. Þess vegna er námið svo hagnýtt og nýtist manni strax dag frá degi.“

Arnar Ingi segir að námið sé í 100% fjarnámi sem honum finnst mjög gott. „Zoom fundirnir okkar voru fróðlegir þar sem allir hittast stafrænt og fara yfir og miðla sinni reynslu. Zoom fundirnir eru allir teknir upp svo og fyrir-



**Nýútskrifaður Arnar Ingi (t.h.) tekur við skírteininu úr hendi Stefáns Guðnasonar, verkefnastjóra hjá Símenntun HA.**

lestrar og glæsur, þannig að þú getur hagað náminu að vild, rifjað upp hluti sem þú varst ekki með á hreinu o.s.frv. Ég mæli enn og aftur hiklaust með þessu námi fyrir alla með mannaforráð og ekki síður fyrir þá sem stefna að því að taka að sér stjórnunarstörf úti í fyrirtækjunum.“ ■



**Arnar Ingi Lúðvíksson, verkstjóri hjá Nóa Síriusi, hélt ræðu fyrir hönd nemenda þegar þeir luku 5. og síðustu lotu stjórnendanámsins.**





**VARMA & VÉLAVERK EHF.**

Vandað og varanlegt

# VIÐ ERUM GÓÐIR Í HREINSUN Á FRÁVEITUVATNI

Við útvegum búnað til hverskonar hreinsunar á fráveituvatni.




Biorock. Fyrir sumarhús og bóndabæi

Vélræn eða lífræn hreinsun eftir aðstæðum á hverjum stað.

Okkar búnaður er í nær öllum núverandi fráveitu-hreinsikerfum á Íslandi.

**Hafið samband við okkur og við gerum tillögur um viðeigandi búnað.**



Tröppurist í kassa fyrir sveitarfélög. Vélræn hreinsun



Lífræn hreinsun fyrir sveitarfélög með viðkvæman viðtakanda



**VARMA & VÉLAVERK EHF.**

Vandað og varanlegt

Knarrarvogi 4 104 Reykjavík Sími 585 1070 vov@vov.is www.vov.is



# 5 lotur stjórnendanámsins

**S**tjórnendanámið er á vegum Starfsmenntasjóðs Samtaka Atvinnulífsins (SA) og Sambands stjórnendafélaga (STF) í samstarfi við Símenntun Háskólans á Akureyri. Starfsmenntasjóður Sambands Stjórnendafélaga og Samtaka atvinnulífsins veitir allt að 80% styrk fyrir félagsmenn sína. Önnur stéttarfélög greiða í samræmi við réttindi sinna félagsmanna.

Allt nám Stjórnendafræðslunnar fer fram í fjarkennslu og samanstandur af fimm sjálfstæðum lotum. Æskilegt er að ljúka lotu 1 áður en lota 2 er tekin en það er þó ekki skylda. Hver lota skiptist í áfanga sem eru mismargir. Hver áfangi hefst á sunnudegi og tekur eina viku. Gert er ráð fyrir að nemendur verji um 10 klst. í nám og verkefnavinnu í hverri viku. Hóparnir hittast reglulega í gegnum internetið og hafa greiðan aðgang að kennurum á meðan á námi stendur.

## Ég stjórnandinn/millistjórnandinn

Lota 1 stendur yfir í 11 vikur. Þar er fjallað um einstaklinginn í þeirri stöðu sem hann gegnir; „hvers vegna er ég hér“, „hversu hæfan tel ég mig vera og hvað þarf ég til að auka hæfni mína?“ og „Hver er afstaða mín til fyrirtækis, yfirmanna, samstarfsmanna og undirmanna?“

## Mannauðsstjórn og velferð

Lota 2 stendur yfir í 22 vikur og er tvískipt. Í fyrri hlutanum, sem er 10 vikn nám, er fjallað um meginatriði mannaúðsstjórnunar, bæði í skipulagseiningu (deild, sviði, útibúi) og skipulagsheild (fyrirtæki, stofnun).

Seinni hluti lotunnar er 12 vikur og þar er fjallað um starfsaðstöðu, velferð (s.s. öryggismál og heilsufar), fjarvistir og ýmis vandamál sem fyrirtæki og starfsmenn glíma við – ásamt lausnum.

## Fyrirtækið – Skipulag

Lota 3 er í 14 vikur. Þar er farið yfir innra skipulag fyrirtækja sem stjórnandi/millistjórnandi þarf að hafa þekkingu á og hæfni til að takast á við hverju sinni, s.s stjórnkerfisskipulag og ákvarðanatöku á þeim vettvangi, formlegt starfsmannahald, gæðakerfi, öryggismál á vinnustað og viðhald tækja, einkum með tilliti til öryggis og framleiðni.


## Fyrirtækið – Reksturinn

Lota 4 er 7 vikna nám þar sem stjórnendur / millistjórnendur eru leiddir í gegnum þau atriði í rekstraráætlunum sem þeir þurfa að standa klárir á. Þetta lýtur að markmiðum, ferlum, framleiðnimælingum, hagræðingu og tölulegum rekstrarupplýsingum.

## Fyrirtækið – Umhverfið

Lota 5 er þá lota 5 sem er í 5 vikur. Þar er sjónum beint að fyrirtækinu í nær- og fjærumhverfi sínu, eigendum, viðskiptavinum, keppinautum, birgjum, stofnunum og stjórnvöldum. Fjallað er um þessa þætti í ljósi stefnu skipulagseiningar, t.d. umhverfis- og samfélagsstefnu. ■

stjornendanam.is



## Desemberuppbót er svona í ár!

Desemberuppbót á að greiða út í síðasta lagi 15. desember ár hvert. Skv. nýjum kjarasamningi við SA er uppbótin á almenna markaðnum og ríkinu 92.000 kr. miðað við fullt starf. Kjarasamningar hafa ekki verið undirritaðir við aðra aðila. Skv. síðasta samningi var desemberuppbót hjá Faxaflóahöfnum hf. og Reykjavíkurborg 97.100 kr. og 103.300 kr. hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Sveitarfélögin í landinu greiddu 113.000 kr. í desemberuppbót.



## **TUDOR** Rafgeymar



Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

Sterkir **TUDOR** rafgeymar í alla atvinnubíla

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • skorri.is

# Framtíðarkaffi á Hallormsstað

Rætt við Ingibjörgu Gísladóttur ráðgjafa og fundalóðs hjá Kaffipásunni og Birki ráðgjöf um árangursríkar aðferðir til að fólk ræði saman með virkum hætti og fái tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri og þróa þær enn frekar í samtalinu

Á þingi Sambands stjórnendafélaga á Hallormsstað í maí sl. fóru fram athyglisverðar umræður um störf félaganna, skipulag starfseminnar og hvernig hagsmunir félagsmanna væru best tryggðir til framtíðar. Tildrögin að umræðunni á Hallormsstað voru þau að fram hafði komið tillaga frá samstarfsnefnd um kynningar-, samskipta- og framtíðarmál sambandsins að efnt yrði til umræðu um kosti og galla þess að stofna eitt landsfélag með svæðisskrifstofum í stað þess fyrirkomulags sem nú er hjá stjórnendafélögunum. Þá var ætlunin að gefa fólki kost á að viðra fleiri hugmyndir um framtíðarfyrirkomulag samtakanna. Er óhætt að segja að

þessi markmið hafi náðst því fjölmörg atriði komu fram á kröftugum fundi þar sem allir fengu að láta ljós sitt skína

Þessi liður á dagskránni hafði yfirskriftina Framtíðarkaffi og var Ingibjörg Gísladóttir, ráðgjafi og fundalóðs hjá Birki ráðgjöf fengin til að skipuleggja og halda utan um samtalið en hún hefur mikla reynslu af mannauðsráðgjöf, innleiðingu breytinga og að þróa námskeið og vinnustofur fyrir stjórnendur. Ingibjörg er með B.Sc. próf í boðskiptafræðum í viðskiptaumhverfi og viðskiptafræði sem aukagrein og M.A. próf í námi fullorðinna með áherslu á vinnutengda þálfun, starfsþróun og tölvustutt

Fulltrúar á sambandsþingi á Hallormsstað ræddu framtíðarfyrirkomulag sambandsins.







Ingibjörg Gísladóttir, ráðgjafi og fundalóðs  
hjá Kaffipásunni og Birki ráðgjöf.



dfsdfsdfsdfsdfsdfsdf



Hvert ber að stefna?

nám. Hún hefur sótt mörg námskeið erlendis um margskonar fundaaðferðir og hefur því fengið mikla þjálfun sem fundalóðs. Ingibjörg hefur lóðsað margskonar stefnumarkandi þáttökufundi í starfi sem mannaúðsráðgjafi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og einnig á Stefnumörkunarþingi BHM árið 2016. Þá lóðsaði hún þriggja daga heimsráðstefnu – World Open Space on Open Space – WOSonOS í Gamla bíó í Reykjavík í október 2018. Þátttakendur voru frá 10 löndum í þremur heimsálfuma Evrópu, Ameríku og Asíu.

#### Viðurkenndar aðferðir

Þegar unnið er að stefnumótun fyrirtækja eða félagsamtaka skiptir miklu að virkja sem flesta til þátttöku þannig að niðurstöður byggji á reynslu og þekkingu flestra en ekki aðeins hugmyndum fárra. Kaffipásan beitir viðurkenndum aðferðum til að auðvelda þátttakendum að koma sínum sjónarmiðum á framfæri til að tryggja að sem flestar raddir heyrist. Ingibjörg segir að tækifærin til árangurs á vinnustöðum liggi í því að stofna til lausnamiðaðrar og virkrar umræðu meðal starfsmanna.

„Ég hef m.a. nýtt mér Open Space Technology fundaaðferðina sem er einföld og lýðræðisleg. Þátttakendur upp-



Margar hugmyndir fæddust...

lifa hana sem valdeflandi því allir fá tækifæri til að opna umræðu um það sem skiptir þá máli. Open Space fundir hafa reynt vel til að greina stöðu, skapa og miðla þekkingu og laða fram gagnlegar hugmyndir þegar fólk vinnur saman að lausn vandamáls eða þróun viðfangsefnis. Á þinginu í Hallormsstað kappkostuðum við að allir þátttakendur fengju tækifæri til að koma fram með umræðuefni og búa sjálfir dagskrána til. Þannig fengu þátttakendur tækifæri til að ræða þau mál sem þeir vildu koma á framfæri en þetta fyrirkomulag er mjög vel til þess fallið að dreifa ábyrgð á því að finna lausnir og ræða mikilvæg mál. Með samræðunni sem fer fram með aðferðum Open Space finnast jafnan óvæntar lausnir og skilningur fólks á viðfangsefninu eykst svo um munar," segir Ingibjörg enn fremur.

Það var maður að nafni Harrison Owen sem kynnti Open Space aðferðina í kringum 1985 og hefur hún verið notuð í sífellt meira mæli víða um heim. Harrison, sem hafði áður skipulagt margar hefðbundnar ráðstefnur, tók eftir því að virkni þátttakenda var mest í kaffihléum. Í eitt skipti þegar hann átti að stýra ráðstefnu en ekki haft tök á að undirbúa hana þá ákvað hann að dagskráin og umræðuefnin yrðu ákveðin í upphafi fundar af þátttakendum sjálfum. Einnig ákvað hann að kaffi yrði á boðstólum allan tímann og fólk væri frjálst að færa sig á milli umræðuhópa eins og um langt kaffihlé væri að ræða. Þetta ráðstefnuform virkaði mun betur en það hefðbundna þ.e.a.s. skilaði mjög góðum árangri og mikilli virkni þátttakenda. Open Space Technology var þar með orðið till!

### Almenn ánægja með þróunina

„Þátttakendur á þingi STF sátu við níu hringlaga borð og byrjaði ég á því að blanda fólki á borðin þannig að fulltrúar mismunandi aðildarfélaganna fengu tækifæri til að vinna saman. Fyrsta verkefnið var að taka stöðuna og svara spurningunni: „Hvað hefur áunnist í starfi Sambandsins og aðildarfélaganna undanfarin ár? Umræður voru mjög liflegar og fram komu yfir 100 atriði sem nefnd voru um jákvæða þætti, m.a. að kraftur hefði verið í kynningarmálunum sem hefði leitt til umtalsverðrar fjölgunar félagsmanna. Þá kom og fram að konum hefði fjölgað, virkni einstakra félaga hefði aukist og að gott samstarf væri á milli félaganna og sambandsins. Einnig taldi fólk að sameiningar félaga hefðu tekist vel og nafnbreytingar úr verkstjórafélögum í félög stjórnenda hefði skilað árangri. Mikil ánægja var með stjórnunarnámið og að sjúkrasjóðurinn væri félagsmönnum mjög mikilvægur. Þannig má áfram telja.“

Þegar þingfulltrúar höfðu rætt ítarlega um stöðu og starfsemi sambandsins og einstakra félaga var umræðunni beint að framtíðinni; hvaða þættir væru líklegir til að hafa áhrif á starfsemi STF og aðildarfélaga næstu árin, hvaða áskorunum félögin stæðu frammi fyrir, hvernig væru félagsmenn í stakk búnir að mæta fjórðu iðnbyltingunni, hvernig ætti að rétta af kynjahallann o.s.frv. Í umræðunni komu margvíslegir áhugaverðir punktar fram um það hvað skipti félagsmenn mestu máli og hvernig þeir teldu best að mæta nýjum aðstæðum.

„Eftir að fulltrúar höfðu rætt ítarlega um hvað skipti fé-





... og sumar voru býsna góðar.

lagsmenn mestu máli til framtíðar litið var lögð fram eftirfarandi spurning: „Hvernig fyrirkomulag eða skipulag gefur mestu möguleika til að starfið haldi áfram að eflast samkvæmt væntingum og þörfum félagsmanna, í takt við samfélags- og atvinnuþróun og hefur burði til að takast á við áskoranirnar?“ Tillaga framtíðarnefndarinnar um að greina kosti og galla eins landsfélags með svæðis- skrifstofum var til umræðu undir þessum lið og einnig

aðrar hugmyndir þingfulltrúa um framtíðarskipulag, m.a. óbreytt fyrirkomulag og að sameina aðildarfélög í öflug landshlutafélög. Einnig fengu fulltrúarnir tækifæri til að koma með annars konar umræðuefni sem snúa að eflingu starfsins og var m.a. rætt um eflingu íþrótt- og heilsustyrkja, orlofsmál og um aðferðir til að ná sem bestum árangri fyrir félagsmenn,“ segir Ingibjörg.



Fólk ræddi málin í litlum hópum.



### Þrjár meginlínur komu fram

Við spurðum Ingibjörgu að lokum hvernig hún mæti afstöðu fundarmanna á Hallormsstað til þess hvernig framtíðarskipan félagsmála stjórnenda ætti að vera háttað.

„Ef við tökum mið af niðurstöðum skoðanakönnunar sem fram fór í lok umræðunnar fyrir austan þá er ljóst að að þingfulltrúar voru almennt ánægðir með þróunina innan STF síðustu árin og töldu 69% þátttakenda að afarasælast væri að halda áfram á sömu braut og nú hefur verið mörkuð. Um 26% töldu að best væri að aðildarfélögin sameinuðust í stærri landshlutafélög. Eitt félag með svæðisskrifstofum var eitthvað sem 5% þingfulltrúa höfðu áhuga á. Þessar niðurstöður má túlka á þann hátt að þingfulltrúar telji að aðildarfélög innan STF muni halda áfram að sameinast eins og verið hefur undanfarin ár en í umræðunni kom fram að mikilvægt væri að frumkvæði að því væri hjá félögunum sjálfum Umræðan á

Hallormsstað var ekki hugsuð til að ljúka málum heldur kannu viðhorf þingfulltrúa á þessum tímamarki og afla gagna fyrir nýja stjórn STF að vinna eftir og einstök félög að nýta sér. Hins vegar er ljóst að þingfulltrúar vilja halda áfram að þróa félagsstarfið og efla með svipuðum aðferðum og gert hefur verið undanfarin ár. Fólki finnst skipta máli að efla áfram allt kynningarstarf og upplýsingamiðlun, fjölga félagsmönnum, jafna kynjahlutföll og aldursdreifingu og einnig bjóða áfram tækifæri til náms. Ég tel því að stuðningurinn við að „halda áfram á sömu braut“ þýði áframhaldandi þróun, eflingu starfsins og þjónustunnar o.s.frv. fremur en að áfram eigi allt að vera óbreytt. En boltinn er núna hjá stjórn STF og einstökum aðildarfélögum innan sambandsins. Þeirra er að nýta niðurstöðurnar til að marka áherslurnar inn í framtíðina,“ segir Ingibjörg Gísladóttir, ráðgjafi hjá Birki ráðgjöf og Kaffipásunni að síðustu. ■

## Hvað gerir Kaffipásan?

Kaffipásan býður fyrirtækjum og stofnunum að undirbúa og leiða fundi, vinnustofur og ráðstefnur þar sem lögð er áhersla á þátttöku og árangursríkar umræður og að draga fram þekkingu, reynslu og innsæi þátttakenda til að ná auknum árangri og skapa nýjar lausnir, hugmyndir fæðast, skilningur eykst og ný sýn verður til. Í stuttu máli má segja að á fundunum fari fram þróun hugmynda með virku samtali.

Hjá Kaffipásunni, sem er hluti af Birki ráðgjöf, er lögð áhersla á vandaðan undirbúning og að fylgja vel eftir niðurstöðum funda. Þar er þekking á fjölbreyttum aðferðum við að leiða fundi sem miða að framþróun og sköpun nýrra hugmynda, koma auga á tækifæri til umbóta og móta nýja sýn. Hvaða aðferðir henta best hverju sinni fer eftir viðfangsefni, tímalengd og markmiðum fundarins o.fl.

Kaffipásan setur upp fundi með



margskonar hætti. Sem dæmi um þekktar fundaraðferðir eru Open Space Technology, Heimskaffi [e. World Café], Verðleikarýni [e. Appreciative Inquiry], Genuine Contact, Whole Person Process Facilitation ásamt teymismarkþjálfun og stuðningi við Mastermind markþjálfunarhópa. Þá hefur gefist vel að leiða vinnu við hagsmunaaðilagreiningu og áhættugreiningu á fundum. Hægt er að tvinna við fundina ýmsar styttri aðferðir og verkefnavinnu sem raða má saman þannig að markmiðum fundar sé

náð. Í lok fundar er umræðan dregin saman og henni beint að aðgerðum og leiðum til að koma hugmyndum í framkvæmd. Niðurstöður fundarins liggja svo fyrir í rafrænu skjali skömmu eftir fundinn.

Birki ráðgjöf er nýtt ráðgjafarfyrirtæki sem býður mannaúts- og rekstrarráðgjöf, fræðslu og námskeið, markþjálfun og skipulag hugmynda funda undir merkjum Kaffipásunnar. Nánari upplýsingar á vefsíðunum birki.is og kaffipasan.is ■

# MD VÉLAR

*... í þjónustu við útgæðina*




**MITSUBISHI MARINE ENGINE**

*Partner for sales & services*

## ÚRVAL DIESELVÉLA

*Varahluta- og viðgerðabjónusta*



*Við bjóðum nú enn betri þjónustu með nýju útibúi í Noregi.*

*Aðal- og hjálparvélar með öllum aukabúnaði beint frá Mitsubishi Noregi.*

*Landrafstöðvar bjóðast einnig, t.d. innbyggðar í gáma með olíutank undir.*

*þekking – reynsla – þjónusta*



# Svipmyndir frá sambandsþingi



Gómsætur var hangikjötsbitinn!



Fulltrúar Brúar taka við viðurkenningu.



Röggsamur var fundarstjórinn, Sigurjón Bjarnason.



Gaman var að sækja Óbyggðasetrið heim.



Sæmdarhjónin Skúli og Þórunn á Fjósa-kambi fengu blóm.



Allt undir  
góðri stjórn.



Hressing í eldhúsinu.



Sigurbjörg var allt í öllu.



Hvað á að vera í hringnum?



Eitthvað gott  
í bauknum.







Lifandi sýning í Óbyggðasetri er skemmtileg leið til að kynnst lífsháttum fyrri tíma.

Óbyggðasetur Íslands er nærri botni Norðurdals í Fljótssdal, við jaðar óbyggðanna á innsta bænum í Fljótssdal, á brún stærstu óbyggða Norður Evrópu. Á Óbyggðasetrinu er ótrúlegt að upplifa anda forföðurinnar í fjölbreyttri þjónustu staðarins en það fengu fulltrúar á STF þinginu sl. vor ásamt mökum að reyna þegar þeir heimsóttu setrið.

### Fjölbreytt afþreying

Í Óbyggðasetrinu er boðið upp á fjölbreytta upplifun og afþreyingu s.s. sýningar um líf í óbyggðum, hestaferðir, gönguferðir o.fl. auk einstakrar gistingar á baðstofulofti og gömlu íbúarhúsi. Hægt er að njóta fjölbreyttra veitinga í eldhúsi og betri stofum heimilisins. Gestgjafar skipuleggja göngu eða ferð á hestbaki meðfram Jökulsá í Fljótssdal. Á einum stað við ána fær fólk tækifæri til að toga sig yfir Jökulsá í hefðbundnum kláf og kanna eyði-



Steingrímur Karlsson sýnir gestum í smiðjuna en þar var margt sett saman af hagleik um miðja síðustu öld.

# Einstök upplifun í Óbyggðasetri

býli handan árinna. Í slíkri ferð upplifa gestir sig sem persónu í Íslendingasögunum!

## Ekki út um bílrúðuna

Það eru hjónin Steingrímur Karlsson, kvikmyndagerðarmaður og ferðaþjónustubóndi og Arna Björg Bjarnadóttir, sagnfræðingur og menningarmiðlari, sem hafa byggt upp þessa einstöku aðstöðu á Austurlandi þar sem þau bjóða upp á sýningu, ferðir, veitingar og kyrrláta og notalega gistingu árið um kring.

„Starfsemin hefur gengið vel það sem af er og við byggjum þetta upp í þeirri trú að til sé fólk sem vill upplifa eitthvað meira en ferðast um í rútu með fullt af fólki og upplifa íslenska náttúru út um bílrúðuna. Hér er sagan við hvert fótstípa, saga sem lýsir á einstakan hátt lífsháttum níu systkina sem bjuggu hér saman langt fram eftir 20. öldinni og lifðu algerlega sjálfbærri tilveru, gjörnýttu hvern hlut og björguðu sér með hug- og verksvitið að vopni,“ segir Steingrímur.

## Fossaganga í víðernum

Frá Óbyggðasetri Íslands liggja merktar leiðir sem tengjast gönguleiðaneti Vatnajökulsþjóðgarðs, stærsta þjóðgarðs Evrópu. Svæðið er víðáttumikið og lítt kannað af almenningi. Víða á svæðinu er líklegra að rekast á hreindýr en menn.

Meðal gönguleiða er svonefnd Fossaganga sem liggur frá Óbyggðasetrinu, inn dalinn og þaðan upp á hálandið. Leiðin er gríðarlega falleg og liggur meðfram mikilfenglegum fossum, gljúfrum, gegnum birkiskóg og endar við heitar baðlaugar við Laugarfell. Fossagangan er um 6 klukkustunda þægileg ganga meðfram Jökulsá í Fljótsdal. Áin rennur víða í gljúfrum og vestan hennar er Kleifarskógur, náttúrulegur birkiskógur sem gaman er að fara um. Þegar inn á hásléttuna er komið biða göngufólks náttúrulegar við nýjan og glæsilegan fjallaskála við Laugarfell. Fyrir þá sem vilja ganga niður í móti er ágætt að byrja við Laugarfell og ganga niður að Óbyggðasetrinu.







Boðið er upp á gistingu í listilega uppgerðri baðstofunni, árið um kring.



Á veitingastaðnum líður gestum sem þeir séu staddir í notalegu heimiliseldhúsi.

### Stigið inn í fortíðina

Þegar gestir koma á staðinn er gengið yfir gamla trébrú hjá Óbyggðasetrinu, beint inn í ævintýri í fortíðar. Hvert smáatriði í nokkrum húsum setursins er hannað með það fyrir augum að láta gestina upplifa að þeir hafi snúið á klukkuna og séu hornfir áratugi aftur í tímann. Byggingar, innanstokksmunir, matur, starfsemi, vélar og áhöld; allt gegnir þetta mikilvægu hlutverki í þessari reynslu. Húsnæðið allt er samþætt inn í safnið og þannig gefst gestum færi á að verja bæði degi og nóttu í „óbyggðum“.

### Heit laug og slökun

Í Óbyggðasetrinu geta gestir notið þess að liggja í heitri laug með útsýni um dalinn. Laugin er frábær staður til að slappa af undir stjörnuþjörtum vetrarhimni eða í miðnætursólinni að sumri. Inni er svo hægt að eiga notalega stund í saunaklefanum eða slaka á í hengirúmi við hliðina á arninum í slökunarherberginu. ■

[obyggdasetur.is](http://obyggdasetur.is)

## Útgáfa fyrir atvinnulífið

### Fjölbreytt útgáfa

Á vegum Ritforms eru gefin út kynningarblöð þar sem fjallað er með faglegum hætti um íslenskt atvinnulíf.

Í útgáflóru Ritforms er að finna blaðið **Sóknarfæri** sem dreift er til allra fyrirtækja í landinu. Þar er fjallað um sjávarútveg, verklegar framkvæmdir og orkumál. Einnig gefur Ritform út tímaritið **Ægi** í áskrift og **Cool Atlantic**, kynningarrit á ensku um íslenskan sjávarútveg.

**Riform ehf.**  
Síðumúla 23 // 108 Reykjavík  
Glerárgötu 24 // 600 Akureyri  
[ritform@ritform.is](mailto:ritform@ritform.is)

### Hönnun og umbrot




Ritform tekur að sér hönnun af ýmsu tagi:

- ▶ Blaðaumbrot
- ▶ Ársskýrslur
- ▶ Auglýsingar
- ▶ Markpóstur
- ▶ Bæklingar
- ▶ Nafnsþjöld

Við sjáum um öll samskipti við prentsmiðjur og finnum ávallt hagkvæmustu prentunina.

RIT  
FORM

[ritform.is](http://ritform.is)



# AÐVÖRUN

## Sæstrengir

Skipum er bannað að veiða með veiðarfærum sem fest eru í botni eða dregin eftir honum, svo sem netum, botnvörpum og þesslegum á svæðum þar sem háspennusæstrengir liggja. Svæði það sem hér er átt við er vanalega 200m belti hvoru megin sæstrengsins.

Á landtaksstöðum sæstrengja eru hringlaga spjöld sem fest eru á stangir. Gerð merkjanna er sýnd hér fyrir ofan. Þegar merki ber saman í lóðréttri línu, er skipið sem næst því að vera yfir sæstrengnum eða á miðju bannsvæðisins.

Aldrei má reyna að losa skip við sæstreng með því að höggva strenginn í sundur. Það getur valdið manntjóni vegna raflosts eða alvarlegum brunasárum.

Ef skip í nauð þarf að leggjast að akkeri á bannsvæði, þar sem sæstrengur liggur, eða skip rekur á sæstreng, ber að draga akkerisfestina varlega inn.

Ef vart verður við að akkerið hefur fest á sæstreng, til dæmis þannig að drátturinn verður stöðugt þyngri eða menn finna að akkerið rennur til, ber að slaka keðjunni varlega út aftur, setja við hana dufl og losa hana frá skipinu ef mögulegt er. Slíkt ber að tilkynna til RARIK án tafar.

Komi sæstrengur óvart upp úr sjó á akkeri, má reyna að losa hann af akkerinu með því að bregða kaðli undir strenginn meðan akkerið er látið síga undan honum. Slíkt ber þó að tilkynna réttum aðilum án tafar, þar sem strengurinn getur hafa skaddast við hnjaskið enda þótt áverkar séu ekki sjáanlegir á ytra borði hans.

# Engin félagsleg kulnun í Brú

Rætt við Sigurð Hauk Harðarson, formann Brúar og Eygló Guðmundsdóttur skrifstofustjóra

Það er ágætur kraftur í félaginu okkar þótt það hafi náð 100 ára aldrinum og engan bilbug að finna á félagsmönnum. Virkni í þessu félagi er alveg með ágætum og þegar við höldum félagsfundum mæta hér 60-70 manns að jafnaði. Það er sko engin félagsleg kulnun hér hjá okkur í Brú, félagi stjórnenda.“

Þetta segir Sigurður Haukur Harðarson formaður í spjalli við STF tíðindi þegar blaðamaður leit við á skrifstofu Brúar í Skipholti. Þar var og Eygló Guðmundsdóttir skrifstofustjóri en hún þekkir vel sögu félagsins enda verið þar starfsmaður í 22 ár. Sigurður Haukur gekk í Verkstjórafélag Reykjavíkur í október 2003 og settist sem varamaður í stjórn þremur árum síðar. Hann hefur setið sjö síðustu sambandsþing. Á aðalfundi 2014 var hann kjörinn gjaldkeri Brúar og formaður félagsins tveimur árum síðar.

Það var árið 1919 sem Verkstjórafélag Reykjavíkur var stofnað af 22 verkstjórum en félagið hefur löngum verið burðarásinn í starfsemi verkstjóra á landsvísi. Um það er fjallað annars staðar í blaðinu að þessu sinni. Nafninu var breytt í Brú, félag stjórnenda árið 2011. Félagsmenn eru nú 860 talsins.

## Störfin hafa breyst

„Auðvitað er starfsdagurinn nokkuð öðru vísi en hann var fyrir meira en 20 árum þegar ég hóf hér störf. Þá var ekki vefsíða og snjallsími til að miðla upplýsingum og allt vinnulag öðru vísi. Hins vegar er alltaf nóg að gera hér á skrifstofunni í skráningum og bókhaldi og almennum rekstri. Margir félagsmenn koma líka við hjá okkur sem betur fer eða hringja til að leita upplýsinga og fá úrslausn sinna mála. Hér er alltaf erill og manni leiðist aldrei í vinnunni,“ segir Eygló.



Listamennirnir heilluðu gesti Háskólabíós með söng og hljóðfæraslætti.





**Sigurður Haukur Harðarson** hefur verið formaður Brúar frá árinu 2016. Hann segir engan bilbug að finna á öldungnum Brú.



**Eygló Guðmundsdóttir** skrifstofustjóri gjörþekkir málefni félagsins enda verið starfsmaður þess í 22 ár.

Eygló nefnir líka útleigu orlofshúsanna en skrifstofan heldur utan um alla skráningu og umsýslu þeirra. Félagið á fjóra orlofsbústaði, tvo við Skorradalsvatn, einn í Grímsnesi og þann fjórða í Hlíðarfjalli fyrir ofan Akureyri. Þá hafa félagsmenn kost á að leigja hjólhýsi en það verður endurnýjað næsta vor. Brú er ekki með sín hús í Frímanni eins og flest aðildarfélög STF og við spyrjum hvers vegna?

„Það er einfaldlega vegna þess að félagsmenn Brúar eru það margir að við erum með þau bókuð meira og minna allt árið. Fólk er orðið mun skipulagðara en áður var, m.a. vegna vetrarfría barna í skólum og þess háttar og þess vegna eru húsin bókuð langt fram í tímann. Stjórn félagsins hefur löngum haft metnað til að hafa húsin í topplagi enda gerir fólk orðið kröfu um slíkt sem eðlilegt er,“ segir Sigurður.

### **Vegleg afmælishátíð**

Við spurðum Eygló út í hvort ekki hafi verið slegið upp veislu í tilefni aldrafmælisins sl. vor? „Já, svo sannarlega þótt hún hafi ekki falist í svignandi borðum og löngum ræðuhöldum fyrir fáeina forystumenn eins og oft vill verða. Þess í stað ákvað stjórn félagsins og undirbúningsnefnd afmælisins að efna til skemmtidagskrár í Háskólabíói og þangað var öllum félagsmönnum og fjölskyldum þeirra boðið. Þetta var ótrúlega skemmtileg samkoma og frábærir listamenn eins og Pálmi Gunnarsson, Ragn-

heiður Gröndal, Páll Rósinkrans og Jóhanna Guðrún sungu fyrir fullu húsi. Enginn aðgangseyri var innheimtur en fólk var gefinn kostur á að leggja peninga í söfnunarbauk sem verður varið til góðagerðasamtaka á næstu dögum. Það eru allir sammála um að þessi 100 ára afmælishátíð hafi tekist frábærlega vel og við hjá Brú erum stolt af því hversu þáttakan var góð og stemningin eftir því,“ segir Eygló.

### **Flutt í Hlíðasmárann**

Brú er eins og allir vita langstærsta félagið innan STF og hafa forystumenn þess oft og einatt leitt starf og stefnu sambandsins. Segja má að saga Brúar, félags stjórnenda og Verkstjórasambandsins sé samtvinnuð því fyrstu áratugina deildu þau húsnæði. Nú fer sú saga að endurtaka sig því fljótlega á næsta ári munu Brú og sambandið flytja undir sama þak á ný.

Já, enda þótt þetta húsnæði hér í Skippholti 50d sé frábært þá hentar það okkur ekki lengur. Í raun má segja að það sé orðið bæði of lítið og of stórt,“ segir Sigurður. „Það er of stórt til daglegra skrifstofustarfa þar sem við erum með einn starfsmann en á hinn bóginn of lítið til félagsfunda þar sem við komum ekki nema um 40-50 manns með góðu móti í salinn. Því höfum við ákveðið að selja þetta húsnæði og flytja starfseminu í húsnæði STF við Hlíðasmára í Kópavogi þar sem við kaupum rúmgott skrifstofuherbergi en höfum svo möguleika á að leigja stærra



Það var þétt setinn bekkurinn í Háskólabíói þegar gestir fögnuðu 100 ára afmæli Brúar, félags stjórnenda.

rými fyrir fundina okkar. Þar með er Brú og sambandið aftur komið undir eitt þak eins og löngum var hér á árum áður.“

#### Léttleikinn skiptir máli

Aðspurður um brýnustu viðfangsefni félagsins á þessum tímamótum segir Sigurður formaður að það séu án efa menntamálin. „Heimurinn er alltaf að verða verða flóknari og ef við ætlum að koma í veg fyrir að við drögumst aftur úr þurfum við að efla menntunina og

gera okkur sem stjórnendur hæfari til að standst vaxandi samkeppni. Þess vegna leggja STF og aðildarfélög þess svo mikla áherslu á stjórnendnámið og hvet ég allt mitt fólk til að nýta sér það sem tækifæri til að bæta stöðu sína. Þar fyrir utan finnst mér alltaf mikilvægt að halda í léttleikann og er með þá kenningu að það vilji fáir vera í félagi þar sem alvaran ein ríkir. Lífið er of stutt til þess,“ segir Sigurður Haukur Harðarsson, formaður hins aldar-gamla félags Brúar léttur í bragði að lokum. ■

## Orlofshús Brúar



Einisfold 1 í Skorradal er byggt 2003 og er um 80 fermetrar að stærð.



Einisfold 2 er byggt 2013 og er um 80 fermetrar að stærð.



Áshvammur 8 er í landi Ásgarðs í Grímsnes- og Grafningshreppi.



Hrafnaland 1 er 108,6 fermetra heilsárshús við rætur Hlíðarfjalls rétt ofan Akureyrar.





**Gúmmisteypa keypti  
Habasit lagerinn af IBH og  
býður nú enn meira úrval reima en áður**



**Gúmmisteypa  
P. Lárusson ehf**



# 100 ára félag stj



Á fyrstu árunum beitti Verkstjórafélag Reykjavíkur sér fyrir því að bæjaryfirvöld reistu Verkamannaskýlið við höfnina.

Þann 3. mars 1919 komu 27 karlar saman til fundar í húsi KFUM til að stofna félag. Flestir þeirra stjórnðu vinnuflokkum í vöruskemmum heildverslana eða unnu við uppskipun eða útskipun í nýrri Reykjavík-urhöfn. Þetta voru sumsé svokallaðir stritverkstjórar; menn sem tengdust verklegum framkvæmdum og líkamlegri vinnu bæði karla og kvenna. Athygli vekur að aðeins einn þessara manna starfaði við iðngrein og segir það að nokkur leyti til um einsleitni atvinnulífsins á þessum morgni fullveldisaldar á Íslandi. Og félagið, sem þeir settu saman á þessum fundi, nefndu þeir Verkstjórafélag Reykjavíkur. Einn aðalhvatamanna að stofnun félagsins, Bjarni Pétursson, var kjörinn formaður.

## Fyrstu baráttumálin

Í fyrstu lögum Verkstjórafélags Reykjavíkur er ekkert minnst á kjaramál né fræðslumál sem löngum hafa verið

fyrirferðamest á vettvangi verkstjóra. Og það lýsir vel réttarstöðu vinnandi fólks á þessum tíma að á fyrsta félagsfundi VFR voru samþykktar kröfur um fastan matmálstíma verkamanna, um stofnun sjóðs til slysa- og veikindabóta og um undirbúning skemmtisamkomu við fyrsta tækifæri. En verkstjórar töldu líka mikilvægt að hafa aga í hernum. Segir t.d. í samþykkt verkstjóra vorið 1919 á þessa leið: „Geri verkamaður sig sekan um ókurt-eisi við verkstjóra eða óhlýðni eða illri og kæruleysislegri meðferð á áhöldum eða vörum sæti hann brottrekstri fyrir. Má enginn félagsmaður taka þann mann í vinnu nema leyfi félagsstjórnar komi til.“

## Verkamannaskýlið

Eins og góðum stjórnendum sæmir létu þeir sér annt um velferð sinna manna og strax vorið 1920 er samþykkt til-laga um áskorun á bæjarstjórnin að bæta aðstæður

# Órnenda

verkafélks við höfnina. Þetta varð til þess að Bæjarstjórn Reykjavíkur réðst í byggingu Verkamannaskýlisins sem svo var nefnt sumarið 1922. Það reis við suðvesturhorn hafnarinnar og gjörbreytti allri aðstöðu þeirra sem unnu við höfnina.

Verkamannaskýlið var byggt úr timbri og stóð það sjávarmegin við Tryggvagötuna á þeim slóðum sem nú er risin Harpa, Marriott hótél og fleiri stórhýsi. Auk aðstöðu fyrir verkamenn til að matast var þar einnig eins konar ráðningarskrifstofa því að þangað þyrptust verkamenn sem ekki höfðu fasta vinnu og biðu eftir því að einhver verkstjórnin veitti þeim starf, þó ekki væri nema við eina uppskipun. Verkamannaskýlið var rífið árið 1961.

## Kreppuár og samningagerð

Segja má að þriðja áratuginn allan hafi VFR fyrst og fremst verið félagsskapur til að stytta félagsmönnum stundir í önnð agsins. Skemmtanir voru öðru hvoru, m.a. farið í ferðir út fyrir bæinn og dansað við harmonikkuspil. Þó var reynt að efna til samningagerðar við atvinnurekendur og barist fyrir löggildingu starfsheitisins án árangurs. Árið 1931 var samþykkt „Reglugerð fyrir Verkstjórafélag Reykjavíkur“ og þar var strax í fyrstu grein ákvæði um að félagið væri „skipulagsbundið stéttarfélag“. Þar með var tónninn sleginn og í hönd fór barátta fyrir bættum kjörum og því að félagið yrði viðurkennt sem samningsaðili um kaup og kjör.

Nær allan fjórða áratuginn var mikið atvinnuleysi í stétt verkstjóra eða þar til „blessað stríðið“ vann bug á atvinnuleysisdraugnum. Oft var hart á dalnum og VFR beindi kröfum sínum beint að atvinnurekendum. Árið 1935 var undirritaður fyrsti samningurinn milli VFR og Vinnuveitendafélags Íslands en hann mun ekki hafa kveðið á um kaup og kjör heldur samvinnu um að leysa úr ágreiningsmálum. Þessi samningur var fljótlega uppnefndur „vináttusamningur“ enda var verkstjórum þar í raun ætlað að vera fulltrúar atvinnurekenda í kjaradeilum gagnvart undirmönnum sínum. Árið 1938 samþykkti svo Alþingi lög um stéttarfélög og vinnudeilur og þau tryggðu Verk-



Fyrsta eigið húsnæði VFR var keypt árið 1956 í Skipholti 3. Fyrst eignaðist félagið efstu hæð hússins og síðar 2. hæðina, samtals 440 m<sup>2</sup>.

stjórafélaginu réttinn til samninga og verkfallsrétt ef því væri að skipta.

## Með gaffal, hnif og súpuskeið

Þegar VFR hélt upp á 25. ára afmælið árið 1944 var efnt til veglegs hófs í Tjarnarkaffi. Þá voru félagsmenn orðnir 108 talsins og hafði lítið fjölgað áratuginn á undan. Það átti eftir að breytast.

Í Tjarnarkaffi söng Brynjólfur Jóhannesson leikari brag eftir Órnólf í Vík og fyrsta erindið var svona:

*Hér sitja tómir verkstjórar - en verkefnið er hvað?  
Jú, vitanlega að éta upp allt sem hér er hantérað!  
Með gaffal, hnif og súpuskeið þeir gengu hingað inn  
og göluðu` að í þessu væri fólgin verkstjórnin.*



## Þrautaganga inn í VSÍ

Verkstjórasamband Íslands, sem þá var undir skammstöfuninni VSÍ, var stofnað árið 1938. Þá var einstaklingsaðild að sambandinu en það breyttist árið 1941 þegar fyrstu deildir þess urðu til þegar félögin á Akureyri, Sauðárkróki og Hafnarfirði gengu í sambandið. Framan af voru forystumenn VFR algerlega andvígir því að félagið gengi í sambandið, m.a. vegna þess að þeir töldu að við það missti félagið samningsrétt o.fl. yfir til hins nýja sambands.



Félagið hefur gefið út fréttabréf óslitið frá árinu 1985.

Þegar VFR loks samþykkir inngöngubeiðni í Verkstjóra-sambandið árið 1945 voru félagsmenn orðnir 159. Þá, eins og alltaf síðar, var VFR höfuðstólpi sambandsins með langflestu félagsmenn. Þeim átti eftir að fjölga mjög næsta áratuginn, einkum vegna mikillar fjölgunar í hópi verkstjóra er unnu við vaxandi framkvæmdir í höfuðborginni eftir stríð.

### Ráðist í húsa kaup

Árið 1948 var stofnaður svokallaður Heimilissjóður er skyldi hafa þann tilgang að kaupa húsnæði yfir starfsemi Verkstjórafélags Reykjavíkur. Sjóðurinn efldist mjög á næstu árum og árið 1956 var keypt efsta hæð í húsi við Skipholt 3 sem var leigð út. Félagið og sambandið höfðu um hríð leigt saman húsnæði og gerðu það áfram, fyrst við Borgartún 7 og svo á Freyjugötu 15. Árið 1960 býðst VFR að festa kaup á 2. hæð í Skipholtinu og í það húsnæði var svo flutt skömmu síðar. Meginhluti þess var þó leigður út til tekjuöflunar, m.a. til Verkstjórasambandsins.

Skipholt 3 var þannig félagsmiðstöð og þjónustuskrifstofa verkstjóra næstu árin.

Á 7. og 8. áratugnum var einnig hugað að húsnæði til að eyða frístundum í. Árið 1970 keypti félagið í samvinnu við sambandið land í Borgarholti við Stokkseyri og árið 1973 festi félagið kaup á húsi í landi Indriðastaða í Skorradal. Hús var svo reist í Borgarholti árið 1974. Sumarið 1977 reis 3ja hús VFR í Borgarholti. Fleiri hús áttu eftir að bætast við.



Brotið var í blað árið 1975 þegar Málfríður E. Lorange varð fyrst kvenna til að setjast í sambandsstjórn sem fulltrúi VFR.

### Konu teft fram!

Forystumenn og fulltrúar verkstjórafélaganna hafa í gegnum áratuginna nær allir verið karlar enda langflestir félagsmenn þess kyns. Verkstjórafélag Reykjavíkur á þó heiðurinn af því að hafa fyrst féлага innan VSSÍ treyst konu til að setjast í stjórn sambandsins. Það var Málfríður E. Lorange sem var kjörin í stjórn á kvennaárinu 1975. Hún hafði þá oft setið þing sambandsins sem fulltrúi



Núverandi húsnæði Brúar í Skipholti 50d er hið glæsilegasta. Það er nú til sölu og mun félagið flytja í Hlíðasmára 8 á næsta ári en þar er Samband stjórndafélag til húsa.





Fulltrúar Brúar á sambandsþinginu á Hallormsstað taka við viðurkenningu vegna mestrar fjölgunar félagsmanna á milli ára – annað árið í röð!

Verkstjórufélags Reykjavíkur og jafnan setið í nefndum er fjölluðu um launamál. Hún sat í stjórn sambandsins til 1983. Málfríður lést árið 2002.

### Félagsmiðstöð og útgáfa

Árið 1996 flutti VFR í nýtt og glæsilegt húsnæði og festi kaup á hluta hæðar í Skipholti 50d. Þar hefur félagið verið með starfsmann til að þjónusta félagsmenn og öll aðstaða til fundarhalda hin ágætasta. Félagsfundir hafa oftast verið afar vel sóttir hjá félaginu og haldnar hafa verið jólatrésskemmtanir ár hvert frá stofnun félagsins. Þá hefur ritnefnd starfað að útgáfumálum óslitið frá árinu 1985 og gaf hún út fréttbréf nokkrum sinnum á ári. Árið 1999 hófst útgáfa Stjórnandans sem gefið er út tvisvar á ári.

### Verkfall boðað!

Verkstjórar hafa ákveðnu hlutverki að gegna við að stjórna mannskapnum á vinnustað í umboði atvinnurekenda. Þeir hafa í samanlagðri sögu samtaka þeirra aldrei farið í verkfall þótt það sé þeim heimilt eins og öðru vinnandi fólki. Árið 1997 skall þó hurð nærri hælum. Um hrið höfðu þá samningar VFR við Reykjavíkurborg verið í hnút og boðaði þá Verkstjórásambandið vinnustöðvun fyrir hönd verkstjóra borgarinnar. Þá var Kristján Örn Jónsson formaður í VFR og þrýsti stjórn hans mjög á sambandið að boða til verkfalls. Hann segir í viðtali í 80 ára afmælisblaði sambandsins árið 2018:

„Við visuðum málinu til sáttasemjara en ekkert gekk.

Þegar okkur tók að leiðast þófið veitti almennur fundur okkur í samninganefndinni umboð til að fara í verkfall. Ég var í góðu sambandi við Gunnar hitaveitustjóra og Alfreð Þorsteinsson, formann stjórnar og þeir sögðu mér að ef til verkfalls kæmi myndu engir ganga í okkar störf. Sem betur fer kom aldrei til verkfalls en vopninu var beitt og borgin kom til móts við okkar kröfur og við náðum góðum samningi sem dugði vel næstu árin á eftir.“

### Brú verður til 2011

Upp úr aldamótum fer að bera á umræðu innan aðildarféлага Verkstjórásambandsins hvort verkstjórastjórn takið sé nægjanlega lýsandi og nútímalegt fyrir þau störf sem félagsmenn gegna. Verkstjórufélag Suðurlands var fyrsta félagið sem reið á vaðið og breytti fyrst sínu nafni 8. apríl 2008 í Vörð, félag stjórnenda á Suðurlandi. Árið 2011 var nafni hins fornfræga Verkstjórufélags Reykjavíkur breytt í Brú, félag stjórnenda. Fleiri félög áttu eftir að feta þessa braut.

### Þróttmikill öldungur

Félagsmönnum Brúar hefur fjölgað mjög á undanförunum árum og er óhætt að fullyrða að sjaldan eða aldrei hafi það verið öflugra en einmitt nú þegar það fagnar aldar afmælinu. Til marks um það hreppti það á sambandsþinginu á Hallormsstaðannað, árið sem það varð 100 ára, bikar STF fyrir mesta fjölgun félagsmanna á milli ára, annað árið í röð. Það segir sína sögu. ■



Mikil umsvif hjá Suðurnesjadeild Íslenskra aðalverktaka:

# Í rauninni ekkert sem við gerum ekki

Íslenskir aðalverktakar eru með afar fjölbreytta starfsemi á suðvesturhorni landsins. Mannvirkjagerð, jarðvegsvinnu, smíði gagnavera, reka fjarskiptastöð fyrir ameríska eigendur með 300 gervitungl á lofti og eru sérhæfðir í að fjarlægja asbest úr gömlum byggingum. Við Ásbrú ofan Reykjanesbæjar er Suðurnesjadeild starfseminnar. Hún sér um innri þjónustu við fyrirtækið auk fjölmargar annarra verkefna á svæðinu.

„Við erum Suðurnesjadeildin hjá Íslenskum aðalverktökum og erum verktakar í orðsins fyllstu merkingu og sinnum jafnframt innri þjónustu fyrir fyrirtækið. Starfsemin er því í raun tvíþætt og hér starfa um 80 manns á svæðinu. Við vorum með þetta svæði við Ásbrú, þegar Varnarliðið var hérna sem einingaverksmiðju og malbikunarstöð. Við vorum með húsnæði uppi á Ásbrú fram til 2015, en þá fluttum við starfsemina og aðstöðuna alla hingað á þetta gamla svæði. Hér ætlum við að byggja

okkur upp til næstu ára,“ segir Einar Ragnarsson, forstöðumaður deildarinnar.

## Þjónustu og nýsmíði

„Þungamiðja innri þjónustu fyrirtækisins er hér, en aðal-skrifstofurnar eru í Reykjavík, en verkin úti um allt land. Í dag erum við með jánnaverkstæði hér, sem sinnir viðgerðum á gröfum, skóflum og öðrum vébúnaði, sér um uppsetningu á stálvirkjum fyrir fyrirtækið og selur þessa þjónustu út líka. Hér er byggingabúnaður, pípulagningarmenn, rafvirkjar, trésmíðir. Í framtíðinni er ætlunin að hingað uppeftir komi líka vélaverkstæði, sem nú er staðsett á Holtgötu í Reykjanesbæ. Þá verða allir vörubílar og gröfur gerðar héðan út líka.“

Það sem Suðurnesjadeildin gerir dags daglega er að sinna samningum sem ÍAV við hefur við leigufélög, sem eiga stóran hluta af fasteignum á Ásbrú. Hún sér um við-

ÍAV hefur reist fjölda gagnavera fyrir Advania og fleiri.





Einar Ragnarsson er forstöðumaður Suðurnesjadeildar Íslenskra aðalverktaka.

hald og nýsmíði fyrir þessi félög. Hún rekur fjarskiptastöð á Ásbrú, sem heitir Planet Labs. Eigandinn er amerískt fyrirtæki sem er með um 300 gervitungl á sporbaug í kringum jörðina. ÍAV byggði fjarskiptastöðina fyrir þá og er í framhaldinu með þjónustusamning sem felst í aðstoð við dagleg verkefni.

### Gagnaver og hótél

„Við erum svo líka í nýsmíði og framkvæmdum í byggingariðnaði. Við höfum verið framarlega í byggingu á gagnaverum, meðal annars byggt öll gagnaverin sem eru staðsett á Fitjum fyrir Advania. Við höfum einnig komið að byggingu á öðru gagnaveri uppi á Ásbrú. Við erum mikið að vinna í tengslum við flugstöðina. Þar höfum við verið að innrétta komusalinn, friðhöfnina og Isavia. Við höfum einnig verið að sinna þjónustu fyrir Airport Associates, Vallarvini ehf. Þeir eiga fimm blokkir hér uppi á Ásbrú, sem þeir leigja til erlendra starfsmanna og við erum með umsýslu á leigunni. Við erum að gera það sama fyrir Ícelandair. Þeir eiga svipað af húsnæði hér fyrir erlenda starfsmenn. Við erum með eftirlit í þessum blokkum, öryggisgælu og opinn síma allan sólarhringinn. Þá erum við með hótél við Reykjanesbraut, Aðaltorg, en við stýrum framkvæmdum þar. Við erum líka í framkvæmdum við Hafnargötu í Reykjanesbæ, þar sem við erum að byggja tvær hæðir ofan á Park Inn hótelið. Ég held að það sé í rauninni ekkert sem við gerum ekki.“

### Sérhæfðir í asbesti

Suðurnesjadeildin er svo sérhæfð í því að fjarlægja asbest úr eldri byggingum. „Við erum að sinna fjölmörgum verkefnum á því sviði. Heilbrigðiseftirlitið í Reykjavík og á Suðurnesjum benda mikið á okkur, þar sem við erum með reynslu frá því Varnarlið var hér, en það notaði asbest mikið í ýmsar byggingar. Vegna þess voru menn frá okkur sendir á námskeið í því að fjarlægja asbest á réttan hátt. Meðal annars má nefna verkefni fyrir álverið í Straumsvík. Þar var skipt út straumleiðurum, sem voru einangraðir með asbestplötum, sem þurfti að fjarlægja. Auk þess tókum við að okkur hvers kyns verkefni sem detta inn á borðið hjá okkur eins fyrir eigendur gamalla húsa í Reykjavík þar sem asbest er að finna og þar fram eftir götunum. Svo hafa verið leifar af asbesti í byggingum hér uppi á velli sem þurft hefur að fjarlægja. Starfsemin hjá okkur er því nokkuð fjölbætt.“

Og enn koma til sögunnar fjölbreyttari verkefni: „Við höfum líka verið mikið úti á Reykjanesi. Við byggðum útsýnispallinn við Brimketil og höfum verið að lagfæra aðkomu og palla við Gunnuhver og tókum þátt í lagningu brúarinnar milli heimsálfa. Við höfum líka unnið mikið inni á lokuðum svæðum á flugvellingum, til dæmis fyrir Landhelgisgæsluna. Við erum með öll tilskilin leyfi til að fara þar inn og starfa þar eftir gott samstarf í gegnum árin.“





Loftmynd af Ásbrú en þar er ÍAV með fjölbreytt verkefni.

### Rafmagninu breytt

Viðvera okkar hér á staðnum byggist auðvitað fyrst og fremst á því að hafa unnið áratugum saman við varnarliðið og þegar það fór réðumst við í að breyta straumi í öllum húsunum úr 110 voltum í 220. Árið 2006 var stofnað félagið ÍAV þjónusta ehf. af Guðmundi Pétursyni sem rekið var á sér kennitölu. Þá var starfsemi Íslenskra aðalverktaka í nokkrum aðildarfélögum, en alltaf með upphaflegu starfsemi á sömu kennitölu. Guðmundur náði svo samningum við uppbyggingu á svæðinu við Reykjanesbæ eftir að varnarlið fór héðan. Árið 2015 sameinuðust fyrirtækin og þá var allt dregið undir sama hattinn,“ segir Einar.

Fyrirtækið ÍAV er í heild sinni með yfir 300 starfsmenn og að auki marga undirverktaka. Reksturinn hefur breyst dálítið og hefur að undanförunni verið í stórum jarðvinnuverkefnum, til dæmis við virkjanir eins og Búrfell. „Við erum aftur komnir út í mannvirkjaframkvæmdir í miklum mæli og vinnum fyrir ýmis stór félög í Reykjavík, eins og í Smárahverfinu, við Kirkjusand, Landspítalann og fleiri staði þar sem við erum að reisa íbúðir. Þá kviknar á þessari innri þjónustu hjá okkur og byggingakranarnir vakna til sögunnar, steypumótin og fleira. Það er stór hluti hjá okkur að útvega þennan búnað á byggingastaðinn,“ segir Einar Ragnarsson. ■



Fyrirtækið hefur komið að ýmsum verkefnum á Reykjanesi og byggði m.a. útsýnispallinn við Brimketil.

Fjölbreytt starfsemi Airport Associates á Keflavíkflugvelli:

# Afgreiðða flugvélar frá A til Ö

„Airport Associates er flugafgreiðslufyrirtæki, sem afgreiðir farþega, flugvélar á flughlaði og fragt í vöruskemmu. Við erum með ræstideild „load control“ og ýmsar stoðeildir svo sem verkstæði, mannauðsdeild, gæðadeild og fjármálasvið. Okkar starf gengur út á það að þegar flugfélag flýgur til landsins, afgreiðum við það frá A til Ö, flugvélin sjálfa frá því hún stoppar og þar til hún fer, farþega og allt sem fer um borð. Í Flugstöðinni innritum við farþega, mönnum upplýsingaborð og erum með tapað/fundið þjónustu fyrir töskur sem glatast,“ segir Sigbór Kristinn Skúlason, forstjóri félagsins.

## Þjónustar um 20 flugfélög

Félagið er með í þjónustu stóran hluta af þeim flug-

félögum sem um völinn fara eða um 20 talsins. Icelandair sjá um eigin afgreiðslu. Það var töluvert áfall fyrir félagið þegar Wow Air varð gjaldþrota, en það var stærsti viðskiptavinur þess með um helming umsvifanna. „Við þurftum að segja upp tæplega 300 manns við það högg. Þetta ár hefur því einkennst af því að við höfum verið að keyra starfsemina niður til að stilla okkur af við þann veruleika sem nú blasir við. Þetta ferli hefur gengið samkvæmt áætlun. Það kostar eðlilega mikla fjármuni að segja upp svona mörgum á sama tíma og standa skil á launum í uppsagnarfresti og tengdum gjöldum, en það gerðum við án þess að vera með tekjur á móti. Það hafa allir fengið greitt hjá okkur og starfsmenn eru í dag tæplega 300.“

Þessi bygging er nýreist en þar eru skrifstofur og mötuneyti til húsa auk hraðflutningaþjónustunnar UPS og fleira.



Töskurnar afgreiddar. Félagið sér um alla afgreiðslu flugvéla frá lendingu til brottfarar.



Delta er eitt flugfélaganna sem fyrirtækið þjónustar.

### Áhugi frá Kína

Nú er eitt nýtt flugfélag, Play, að hefja ferðir til og frá Íslandi og Sigbór segir að ekki sé ljóst hver taki að sér þjónustu við það. Timinn verði að leiða það í ljós. Hann segir að fleiri flugfélög hafi lýst áhuga á að fljúga hingað, til dæmis kínversk flugfélög. Fulltrúar þeirra hafi boðað komu sína hingað. Hann yrði hissa ef ekki bættist eitt-hvað í, bæði hjá þeim fyrirtækjum sem nú eru að fljúga hingað og að ný komi til sögunnar. Þeir bindi vonir við að þau félög sem Airport Associates sé að þjónusta nú þegar, fjölgi ferðum. Það sé þó ekkert fast í hendi enn í þeim efnunum. Airport Associates var stofnað 1997 og er því að verða 22 ára. Eigendur eru þrír: Elías Skúli Skúlason, Guðbjörg Asdríð Skúladóttir og Sigbór Kristinn Skúlason, sem er forstjóri fyrirtækisins.

„Ég hef nú trú á því að framvindan verði með rólegra móti næstu árin og farþegum fjölgi mun hægar en á mestu uppgangstímunum. Vöxturinn verði minni enda var erfitt á þeim tíma að takast á við hann. Því fylgdu margvísleg viðfangsefni að ráða við hann. Það hefur því verið verðugt viðfangsefni að ráða við vöxtinn fyrst og svo líka að keyra starfseminu niður vegna brottfalls Wow Air. En allt hefur þetta nú gengið ágætlega.“

### Byrjuðu smátt í fragtinni

Sigbór segir að það sé heilmikið mál að stofna svona fyrirtæki. Því fylgi mikill grunnkostnaður, mikil fjárfesting í byggingum og tækjabúnaði auk þess sem starfsumhverfið sé flókið. Því fylgi mikið eftirlit, miklar kröfur um gæði og að alls konar „standardar“ séu uppfylltir og virtir. „Þegar við stofnuðum fyrirtækið 1997 var þessi eftirlitsiðnaður ekki jafnvirkur og hann er í dag og eflaust er mun erfiðara að koma inn á markaðinn nú en það var þá. Því hefur það komið sér vel fyrir okkur að fá að vaxa hægt og rólega jafnhliða hertu eftirliti, kröfum og reglugerðum sem komið hafa undanfarin ár. Í upphafi

var þetta bara smátt. Þá byrjuðum við að afgreiða vöru-flutningavélar. Það var svo í kringum 2004 að við byrjuðum að afgreiða fyrstu farþegaflugfélögin og síðan vatt þetta jafnt og þétt upp á sig. Í dag erum við að afgreiða fragtflugfélag eins og Bluebird Nordic, sem meðal annars sjá um flutninga fyrir hraðflutningafélögin UPS og DHL.“

### Með 7.000 fermetra byggingar

Félagið leigir innritunarborð af Flugstöðinni. Þau eru þá fyrir fleiri fyrirtæki í þessari þjónustu líka og því fer það eftir því hve mikil umferð er, hve félagið þarf mörg borð á hverjum tíma. Flugstöðin sjálf er með innviði flugstöðvarinnar eins og færíbönd, tölvur og annan búnað. „Um leið og taskan er komin af bandinu inn í töskusal, tekur Airport Associates við með öllum sínum búnaði. Við eigum allan þann búnað sem tengist afgreiðslu flugvéla, vöruhús og fleira eigum við sjálfir. Við erum til dæmis með um 7.000 fermetra byggingar á vellinum, vöru- og tækjageymslur, aðstöðu fyrir fragt, fyrir tollfrjálsan varning og veitingaþjónustu. Við erum líka með aðstöðu fyrir „load control“, skrifstofur og mótuneyti, sem framleiðir um 150 máltíðir á dag fyrir okkar starfsfólk og önnur fyrirtækja á svæðinu. Við erum svo með hvíldaraðstöðu fyrir starfsfólkið okkar og erum tiltölulega nýbúnir að byggja þetta hús sem við erum í,“ segir Sigbór Kristinn Skúlason. ■




# Stjórnendafélögin og formenn þeirra



## Brú, félag stjórnenda

Skipholti 50d, 105 Reykjavík  
Sími 562-7070 – Fax 562-7050  
Netfang: bfs@bfs.is Veffang: www.bfs.is  
Formaður: Sigurður Haukur Harðarson  
Krókamýri 50, 210 Garðabæ  
Símar: 565-6518/777-4777  
Netfang: selmasiggi@simnet.is



## Berg félag stjórnenda

Hofsbót 4, 600 Akureyri  
Sími 462-5446 Fax:462-5403  
Netfang: bergfs@bergfs.is  
Formaður: Rögnvaldur Örn Snorrason,  
Sólvöllum 1, 600 Akureyri  
Sími 853-0253  
Netfang: timoteus61@gmail.com



## Verkstjóra- og stjórnendafélag Hafnarfjarðar

Helligstötu 16, 220 Hafnarfirði  
Sími 555-4237 Pósthólf 185  
Formaður: Steindór Gunnarsson,  
Spóaaísi 3, 221 Hafnarfirði  
Símar 555-4237 / 898-9760  
Netfang: steindorg@simnet.is



## Stjórnendafélag Austurlands

Austurvegur 20, 730 Reyðarfirði  
Símar 474-1123 / 864-4921  
Netfang: sta@sta.is  
Formaður félagsins: Benedikt Jóhannsson,  
Ystadal 3, 735 Eskifirði  
Símar 476-1463 / 864-4963 / 470-6000  
Netfang: benni@eskja.is



## Stjórnendafélagið Jaðar

Pósthólf 50, 300 Akranesi  
Formaður: Kristján Sveinsson,  
Vallarbraut 4, 300 Akranesi  
Sími 660-3286  
Netfang: kristjansveins@gmail.com



## Stjórnendafélag Suðurlands

Austurvegur 56, 800 Selfossi  
Sími 480-5000 Fax: 480-5001  
Netfang: stjornandi@stjornandi.is  
Formaður: Viðar Þór Ástvaldsson, Lóurima 14,  
800 Selfoss  
Sími 863-1971  
Netfang: vidarastv@gmail.com



## Stjórnendafélag Vesturlands

Skólastigur 15, 340 Stykkishólmur  
Formaður: Unnur María Rafnsdóttir  
Sími 863-8256  
Netfang: vfst@simnet.is



## Verkstjórafélag Vestmannaeyja

Formaður: Hildur H Zoega Stefánsdóttir.  
Sími 843-9053  
Netfang: hz@isfelag.is



## Stjórnendafélag Vestfjarða

Heiðarbraut 7, 410 Hnífsdal  
Sími 863-3871  
Formaður: Sveinn K. Guðjónsson, Heiðarbraut 7,  
410 Hnífsdal  
Símar 456-3831 / 863-3871 / 450-4616  
Netfang: skg@frosti.is



## Stjórnendafélag Suðurnesja

Hafnargötu 15, 230 Reykjanesbæ  
Sími 421-2877 - Fax 421-1810  
Netfang: stjornsud@stjornsud.is  
Formaður: Einar Már Jóhannesson,  
Stekkjagötu 85, 260 Reykjanesbæ  
Sími 845-1838



## Stjórnendafélag Norðurlands vestra

Formaður: Kári Kárasón,  
Sími 844 5288  
Netfang: kari@vilko.is



## Samband stjórnendafélaga, STF

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi  
Símar 553-5040 / 553-0220 - Fax 568-2140  
Veffang: www.stf.is  
Netfang: stf@stf.is  
Forseti og kynningarfulltrúi: Skúli Sigurðsson

# Við styrkjum útgáfu STF-tíðinda



## STJÓRNENDAFÉLAG SUÐURLANDS

Austurvegi 56, 800 Selfoss  
Sími 480 5000 - Fax 480 5001  
Netfang: stjornandi@stjornandi.is  
www.stjornandi.is



## Stjórnendafélag Suðurnesja

Hafnargötu 15, 230 Keflavík  
Formaður Einar Már Jóhannesson  
Sími 421 2877 - GSM 845 1838  
Heimasíða: vsts.is  
Netfang: stjornsud@stjornsud.is



## Brú félag stjórnenda

Skipholti 50d, 125 Reykjavík  
Sími 562-7070 - Fax 562-7050  
Netfang: bfs@bfs.is  
Veffang: www.bfs.is  
Skrifstofa félagsins er opin  
virka daga frá kl. 9-14



## Stjórnendafélags Austurlands

Austurvegi 20, 730 Reyðarfirði  
Heimasíða: sta.is  
Netfang: sta@sta.is  
Formaður Benedikt Jóhannsson  
GSM 864 4963 - benni@eskja.is



## Stjórnendafélag Vestfjarða

Heiðarbraut 7, 410 Hnífsdal  
Formaður Sveinn K. Guðjónsson  
GSM 863 3871



## Verkstjóra- og stjórnendafélag Hafnarfjarðar

Helliggötu 16, 220 Hafnarfirði  
Formaður Steindór Gunnarsson  
GSM 898 9760





**STJÓRNENDAFÉLAGIÐ  
JAÐAR - AKRANESI**

Pósthólf 50 - 300 Akranes  
Formaður: Kristján Sveinsson  
GSM 660 3286  
Netfang: kristjansveins@gmail.com



**STJÓRNENDAFÉLAG  
NORÐURLANDS VESTRA**

## **Stjórnendafélag Norðurlands vestra**

Formaður: Kári Kárason  
GSM 844 5288  
Netfang: kari@vilko.is



**STJÓRNVEST**  
STJÓRNENDAFÉLAG VESTURLANDS

## **Stjórnendafélag Vesturlands**

Skólastígur 15, 340 Stykkishólmi  
Sími 864 8852  
Formaður: Unnur María  
Rafnsdóttir GSM 863 8256  
Netfang: vfst@simnet.is



## **Verkstjórafélag Vestmannaeyja**

Formaður: Hildur H Zoega Stefánsdóttir.  
Sími 8439053  
Netfang: hz@isfelag.is

  
**Samband  
stjórnendafélaga**

## **Samband stjórnendafélaga**

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi  
Símar 553-5040 / 553-0220 - Fax 568-2140  
Netfang: stf@stf.is -Veffang: www.stf.is

# KROSSGÁTAN

H. E.	Kona Spil	Telja Sjó	Trega Snöggur	Kjaff- aði	Iðn Mábur	Vond	Band Reiði- hljóði	Ung- viðis Flokkur	Konu	Ask Veibar- fari	Gefa upp sakar Suða	Rykis Nafar
Fisk- anna												
Fiskana Jarðeini Blöskur					>				>			
Gæ Gekk í sundur				>								
Hlunn- indum						Liferni Hingur- ipá stofnarir				v		
Glögga Frá sundur- lendum			v		v		v				v	v
Korns Mjög smá		v						v				
Spiráði Röubú	v											
Meiði					Suði Góður					>		

# SUDOKU

			2		9	4	
	4		7	9	3		5
7							8
	9			6			
				2			9
			5		1	2	
	1		4				
	2					7	4
		8	2	7			

		4	2					5
		7						2
		3	1	8	7			
				4	1		7	6
	7	1						9
2							1	8
8			5	6				
		9		7				
					9			

Í Sudoku er þrautin fölginn í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9.

Í hverri níu reita línu (láréttri og lóðréttri) eiga allar tölurnar einnig að birtast og má aldrei tvítaka neina þeirra.



# Öflugur hreinsibúnaður




Háprýstistövar



Ryksugur



Gufudælur



Sópar



Háprýstidælur



 **RAFVER** KÄRCHER SÖLUMENN  
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is



# Stólpi Gámar fyrir atvinnulífið



Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu

- þurrgáma
- geymslugáma
- fleti og tankgáma
- hitastýrða gáma
- einangraða gáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannaðstöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS**, vörulyftur frá **Maber** og skemmur frá **Hallgruppen**.



[www.stolpigamar.is](http://www.stolpigamar.is)

 **Stólpi Gámar**

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagördum 5 | 104 Reykjavík